

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslensku- og Menningardeild

Enginn kann tveimur herrum að þjóna

Bókmenntagreiningar á kvæðabókum

Helgu Pálsdóttur, Signýjar Hjálmarsdóttur og

Þóru Jónsdóttur

Ritgerð til MA-prófs í Menningafræði

Magnea Þuríður Ingvarsdóttir

Kt.: 100660-5129

Leiðbeinandi: Alda Björk Valdimarsdóttir

Júní 201

Enginn kann tveimur herrum að þjóna

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-prófs
í Menningarfræði við
Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Magnea Þuríður Ingvarsdóttir 2015

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík 2015

Formáli

Enginn kann tveimur herrum að þjóna eru orð í formála ljóðabókar Signýjar Hjálmarsdóttur í honum bendir Sigríður Pétursdóttur á að líklega hafi Signý ekki geta sinnt kveðskap sínum nema að litlu leyti vegna anna við heimilisstörfin. Hún fellur í þá gryfju að afsaka hana með því að benda á orð úr Nýja testamentinu, en þar segir orðrétt „Enginn getur þjónað tveimur herrum. Annað hvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammón“ úr 6 Mattheusarguðspjalli. Má ætla að orð Guðs hafi haft áhrif á það að Signý taldi sig ekki geta sinnt bæði húsmæðraskyldunni sem og listagyðjunni og því falið ljóð sín frekar en sýnt.

Þær húsmæður/konur (skáld) sem eru hér til umfjöllunar höfðu frá mörgu að segja er þær hripuðu hugsanir sínar niður í flýti en vildu á engan hátt láta á sér bera hvað þá að þeim dytti í hug að efnið þeirra gæti átt erindi við almenning. Þær bjuggu í samfélagi sem ætlaðist ekki til þess að konur væru að hasla sér völl á sviði bókmennta, heldur áttu þær að sinna heimili og börnum. Íslendingar sem og aðrir áhugasamir eiga rétt á því að þekkja þessar konur ekki bara vegna þess að þær gátu komið fyrir sig orði á bundin hátt heldur líka vegna þess að í þeim má finna ýmislegt sem vert er að skoða. Ljóðið hennar Þóru frá Kirkjubæ hefst svo „Hvers vegna bergja þann bikar í grunn, / sem beiskasti mjöðurinn fyllir? / Hvers vegna reika um rökkurstig / ef röðull þann næsta gyllir? / Hvers vegna vilja, en voga ei, / svo vænsta takmarkið náist? / Hvers vegna eiga sitt athvarf þar, / sem andinn visnar og þjáist?.“

Í þessari ritgerð sem telst til 30 eininga og er lögð fram til MA-prófs í Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands hef ég valið til greiningar og túlkunar þrjár ljóðabækur kvenna sem fæddar voru á síðari hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Þessar konur áttu það sameiginlegt að hafa ort all mikið en aldrei viljað birta ljóðin sín á meðan þær lifðu. Það var ekki fyrr en eftir þeirra daga að aðstandendur tóku sig til og söfnuðu ljóðunum saman til útgáfu, konurnar hétu Helga Pálsdóttir (1877-1973), Signý Hjálmarsdóttir (1920-1956) og Þóra Jónsdóttir (1895-1966). Ljóðasafn Helgu kemur út nú í sumar 42 árum eftir lát hennar. Ljóðin hennar Signýjar komu út ári eftir að hún lést og ljóð Þóru frá Kirkjubæ komu út 1972, sex árum eftir lát hennar.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum henni Öldu Björk Valdimarsdóttir fyrir aðstoð við gerð ritgerðarinnar og ekki síst áhuga hennar fyrir efninu. Þá vil ég þakka börnunum mínum þeim Ragnhildi Guðmundsdóttur, Sunnu Guðmundsdóttur og Karli Guðmundssyni fyrir yfirlestur og ábendingar sem og Benedikt Arnar Víðissyni góða yfirsýn. Þá langar mig að nefna ráðgjafa og forstöðumann í ritveri Menntavísindasviðs sem hafa stutt mig og aðstoðað dyggilega í þessu verkefni frá upphafi og að lokum þakka ég manningum mínum Guðmundi Dýra Karlssyni fyrir ástúð og þolinmæði.

Ágrip

Skáldskapur nýrómantíkinar átti sinn þátt í að skapa menningarlegt andrúmsloft upp úr aldamótunum 1900. Bókmenntirnar fjölluðu um sveitarómantíkina og þjóðernishyggju og þau einkenndust af óbeisluðu ímyndunarafli skáldsins, dulhyggju og framtíðarsýn. Hér á Íslandi voru það skáld eins og Einar Benediktsson, Sigurður Sigurðsson frá Arnarhvoli, Jónas Guðlaugsson, Jóhann G. Sigurðsson, Jóhann Sigurjónsson og Stefán frá Hvítadal sem ortu undir þessum áhrifum. Hulda skáldkona er eina konan sem nefnd hefur verið til sögunnar sem fulltrúi þessarar skáldskapar hér á landi. Voru það virkilega ekki fleiri konur sem stunduð kveðskap á Íslandi á þessum tíma og ortu undir þessum áhrifum? Hér er vert að staldra við og íhuga nánar hlutina. Þegar ég sem barn var látin læra ljóð upp úr *Skólaljóðunum* gömlu var búið að haka við þau kvæði sem hver árgangur átti að læra og það voru ekki ljóð eftir konur, var forvitni mín vakin sérstaklega vegna þess að Skólaljóðabókin er talin til öndvegisrita íslenskrar bókmenntanna.

Hér á eftir verður fjallað um þrjár skáldkonur sem fæddar voru í kringum aldamótin 1900. Þær Helgu Pálsdóttur (1877-1973), Signýju Hjálmarsdóttur (1920-1956) og Þóru Jónsdóttur frá Kirkjubæ (1895-1966) þær eiga það sameiginlegt að hafa verið ágætlega hagartrar um málefni samtíðar sinnar en gáfu aldrei út verk sín.

Leitast verður við að komast að rótum, uppruna og einnig að draga fram einkenni á kveðskap þeirra. Ég velti því upp hvort um vanda bókmenntafræðinnar sé að ræða þegar kemur að því að greina og flokka kveðskap eftir konur. Hefur það eitthvað með huglægt mat manna að gera? Öndvegisrit bókmenntanna eiga að spegla það samfélag sem þau sprottin upp úr ef þau gera það ekki er myndin skökk.

Abstract

The poetry of new romantic contributed to creating a cultural atmosphere from 1900. Literature concerned with rural romantic nationalism and they were characterized by the country's unharnessed poets imagination, mysticism and visions. In Iceland, it was the poet as Einar Benediktsson, Sigurdur Sigurdsson from Arnarhvoli, Jonah Guðlaugsson, Johann G. Sigurðsson, Jóhann Sigurjónsson and Stefan from Hvitardalur who wrote under that influence. Hulda an Icelandic women poet was the only woman mentioned there. Were there really no more women who practiced poetry in Iceland at the time and wrote under the influence? Here it is worth to stop and consider.

As a child I was allowed to learn poems from the old book „Skólaljóð” it had been checking out with the song that each cohort had to learn and it was not poetry by women was my curiosity drawn especially because the school collection of poetry is considered to excellence in writing Icelandic literature.

I feel like it is my responsibility and my obligation as a woman to explore and investigate womens poems because in my opinion the poems have neither been fully respected nor gotten enough attention.

Has it been a problem for the studies of literature to define and categorize a poetry by women? I would like to understand the characteristics of the poetry of three women Helgu Pálsdóttur (1877-1973), Signýju Hjálmarsdóttur (1920-1956) and Þóru Jónsdóttur frá Kirkjubæ (1895-1966) who never gave a thought to publish their work. Are the definitions from this period of time a problem? Is it because the definitions are ambiguous or is it because it was selected and defined by men and not women. Canon of the literature should reflect the community in which they originate from, if they do not, the picture is wrong. So it is time to stop, think and contimplate why that has been like that. Thank you for taking your time to read this study and it is my hope that it will be an eye-opener. It's my comprehension that more people feel exactly the same way as I do.

Efnisyfirlit

Formáli	5
Ágrip	6
Abstract	7
Efnisyfirlit	8
1 Inngangur	9
2 Aðferðarfræði og rannsóknaraðferð	12
2.1 Fræðileg nálgun	12
2.2 Tapaður kveðskapur	14
2.3 Klassíkin, humanisminn og elegían.....	15
2.4 Túlkun og greining á ljóðatexta	18
2.5 Nýrómatíkin og sál listamannsins.....	18
3 Skólaljóðin	23
3.1 Menntuð skáld í Skólaljóðunum.....	24
4 Konur; illa lesandi og illa skrifandi?	27
4.1 Handritarannsóknir	30
4.1.1 Þögin mikla	30
4.1.2 Riddarasögur og virðing kvenna	31
4.1.3 Sagan af fátækri alþýðukonu.....	32
5 Um afdráttarlausan kveðskap kvenna fyrir á öldum	34
5.1 Kveðskapur 18. aldar kvenna	35
6 Konurnar á bak við eldavélina	40
7 Ljóðgreiningar	45
7.1 Helga Pálsdóttir (1877-1973).....	45
7.2 Signý Hjálmarsdóttir (1920-1956)	54
7.3 Þóra Jónsdóttir frá Kirkjubæ (1895-1966).....	61
8 Niðurstöður	65
9 Heimildaskrá	67

1 Inngangur

Markmiðið með þessari ritgerð er að rýna í texta úr kvæðasöfnum kvennanna Helgu Pálsdóttur, Signýju Hjálmarsdóttur og Þóru Jónsdóttur frá Kirkjubæ með það fyrir augum að skilja kveðskap þeirra. Allar eiga þær það sameiginlegt að ljóðin þeirra komu ekki út fyrr en að þeim látnum. Um hvað ortu þessar skáldkonur? Ætlunin mín er að skoða ljóðin þeirra, ræturnar og fyrirmyndirnar. Þá verða ljóð annarra kvenna og frá öðrum tímabilum skoðuð til þess að velta upp fleiri hliðum á verkum þeirra. Ljóðið „Ævintýri lífsins“ eftir Ingibjörgu Benediktsdóttur skáldkonu (1885-1953) er fallett kvæði um ævintýri sem ýmist eru á allra vitorði eða dulin. Það er í senn varfærnislega framsett og af einstakri þrúðmennsku um atburði sem að öllum líkindum hafa sært djúpu sári þann sem í lenti eða eins og segir: „viðkvæm ef þau aðra snerta / opin sár, er blæða í leyni“ (Ingibjörg Benediktsdóttir, 1938).

Barátta kvenna var hafin, þær sóttu fram og sögðu mótlætinu stríð á hendur. Litla ljóðið „Ævintýri lífsins“ sem Ingibjörg orti er tregablandið og hugsanlega átti hún sér að fyrirmynd kvæði annarra kvenna sem ortu líka undir tregaháttum. Ljóðið „Tófukvæði“ sem var vinsælt allt frá 14. öld, hefur í sér trega, blátt áfram fjallar það um erfiða reynslu ungrar stúlku (Tófu) sem hrífst af prins og eignast með honum tvö börn. Stúlkan er auðmýkt og smáð, hún getur ekki alið önn fyrir börnunum sínum og þarf að bera þau út. Tófukvæði telst ort undir danskvæðahætti. Sagnadansar voru ákveðin form af þjóðkvæðum, dans var stigin um leið og saga var sögð af einstökum atburði oftast frásögn af einhverjum sem var borin yfirlíði tilfinningalega (Jakob Benediktsson, 2008). Vésteinn Ólason hefur rannsakað sagnadansa hann segir að uppruna þeirra megi rekja til 12. eða 13. aldar og þá til Frakklands. Sagnadansar eru þekkir hjá veflestum Evrópuþjóðunum. Hingað eru þeir taldir berast fyrir siðaskipti og þá í gegnum Noreg. Tófukvæði var ekki bara þekkt hér á landi því finna má það í gömlum handritum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Þó segir Vésteinn að munur sé á íslenska kvæðinu og er það nokkuð öðruvísi en á hinum norðurlöndunum. Þá segir að í hverju erindi sé viðlag og svo eru stuðlar og höfuðstafir ekki reglulegir (Vésteinn Ólason, 1979). Skáldkonur 18. aldar voru þekktar fyrir það að vera frekar berorðaðar í sínum kveðskap. Látra-Björg (1716) orti oft til dæmis níð um samferðamenn sína.

Þegar skoðaðir eru sagnadansar og kveðskapur 18. aldar kvenna annarsvegar og svo kveðskapur 19. og 20. aldar kvenna hinsvegar er tóninn allt annar. Ólíklegt þykir að þær hafi sótt fyrirmyndir af sínum kveðskap til formæðra sinna. Ingibjörg sneiðir framhjá öllu er kalla mætti afráttaleysi og þá er hún aldrei berorð í sínum kveðskap, eins er með þær

Helgu, Signýju og Þóru sem þóttu yrkja á tregablandinn hátt um ástir og örlög þar sem alúð við textann er aðalsmerkið. Átjándualdar kveðskapur kvenna hefur varðveist nokkuð í gömlum handritum, vísur Látra-Bjargar sýna að hún hafi veist að samsveitungunum sínum ýmis vel eða illa af algjöru skeytingarleysi og jafnvel dónaskap hún orti: „Reykjardalur er sultarsveit / sést hann oft með fönnum / ofaukið er í þeim reit / öllum frómum mönnum.“ Fleiri konur sem uppi voru um svipað leyti og Látra-Björg ortu með slíku afdráttarleysi, eins og þær Sigga Skálda (1600-1700), Ljósavatnssystur Rut (1758-1813) og Judit sigurðardætur (1765/1761-?). Vatnsenda-Rósa (Rósa Guðmundsdóttir 1795-1855). Annað var þó upp á teningnum hjá Steinunni Finnsdóttur í Höfn (um 1641-enn á lífi 1710), hún orti Hyndilrímur um kynsystur sínar og sést hve henni hefur verið fallega hugsað þeirra: „Öllum þeim eg óska góðs, / er á hafa hlýtt um stundir, / og dyggva eyju funa flóðs / fel eg blessan undir.“ (Guðrún P. Helgadóttir 1961, bls. 28). Slíkt afdráttarleysi einkenndi líka skáldskap til forna, til dæmis skáldið Katúllus (84-54 f.kr.) sem uppi var fáum árum fyrir kristburð.

Kristján Árnason segir frá skáldinu Katúllusi í inngangi að þýðingu sinni á bók Óvíd, *Ummýndanir* (2009). Katúllus með kveðskap sínum gaf ástinni lausan tauminn á beinskeittari hátt en áður þekktist (Kristján Árnason 2009, bls. 10). Afdráttarleysi er ekki það sem manni dettur í hug þegar ljóð þeirra Helgu, Signýjar og Þóru eru lesin. Þær eru þó að yrkja um trega eins og forverur þeirra. Því finnst mér áhugavert að bera þetta saman til þess að benda á fyrirmyndirnar og ræturnar. Að mínu mati bera ljóð kvennanna þriggja þeirra Helgu, Signýjar og Þóru vott um þróðmennsku og kurteisi sem er allt annað en afdráttarleysi.

Átti þessi afdráttarlausir kveðskapur eftir að breytast og þá hversvegna? Er hægt að flokka kveðskap kvenna eftir yrkisefni og tímabilum? Mér finnst sem annar tónn sé sleginn í ljóðagerð kvenna á nítjándu öld, en þeirri átjándu, þó svo að yrkisefnið sé svipað eins og áður sagði, sorgar og saknaðarljóð. Guðný Jónsdóttir Klömbrum (1804-1836) orti öðruvísi ljóð heldur en Vatnsenda-Rósa. Eftir því sem líður á öldina styrkjast þessi sérstöku kvenlegu viðfangsefni í sessi eins og sést vel þegar ljóðskáldið Ingibjörg Benediktsdóttir er skoðuð, en hún var meðal annarra ein af hirðskáldum kvennahreyfingarinnar, ljóðin hennar eru trúarleg og hún hvetur konur til þess að láta í sér heyra með baráttukvæðum sem að mínu mati bera vott um aðgát í orðavali og þróðmennsku. Ljóðin hafa að geyma perlur og djásn sem segja til um stöðu kvenna í því samfélagi sem þær bjuggu við og varpa um leið ljósi á þá staðreynd að þær voru á jaðri þess menningarlega. Hversvegna kjósa Helga, Signý og Þóra að halda ljóðunum svo að sér þannig að engin fái að njóta? Þegar ljóð þeirra eru lesin sést vel þörfin fyrir því að setja hugðarefnin á blað, kannski til þess að takast á við erfiðar tilfinningar sem leituðu útrásar.

Í ljóðunum búa allt í senn heillindi, einlægni, dugnaður og þor, kvenna sem höfðu frá heilmiklu að segja þótt raddir þeirra hafi ekki borist lengra en raun var.

Þar var fyrir nokkrum árum sem áhugi minn fyrir ljóðum kvenna kviknaði. Mér finnst gaman að lesa nútímaljóð eftir konur og á mig sóttu hugsanir um þann arf sem íslenskar konur hafa fengið frá formæðrum sínum í ljóðagerð. Ég fór að lesa ljóðin þeirra af áfergju og ég viðað að mér bókum eftir þær, hvar sem ég kom. Hugsunin um hluta karla í skólaljóðunum varð að sama skapi sífellt áleitnari. Hvernig var þessu háttað? Áttu kvenskáld ekki rétt á að vera með í uppfræðslu barna? Ef skólaljóðin höfðu að geyma úrval af kveðskap Íslendinga og þá nær aðeins eftir karlmenn, vantar þá ekki eitthvað inn í myndina? Á þessum tímapunkti gerði ég mér grein fyrir því að það var ekki bara í skólaljóðunum sem konur fengu ekki ljóð sín birt, vandamálið var miklu stærra en það. Konur áttu erfitt með að koma hugðarefnum sínum fyrir almenningssjónir og forvitni mín rak mig áfram. Hvert var þá þeirra yrkisefni og hvers vegna voru þær ekki hafðar með? Kannski er stóra spurningin sú; hvers vegna höfðu þær ekki betri aðgang að bókmennta og menningarlífi Íslendinga en raun var? Hver var virðingin fyrir konunum? Þá er ekki úr vegi að skoða bókmenntagreiningar, hvað hefur verið rætt og rannsakað innan hennar. Markmiðið með þessari rannsókn er að opna augun almennings á sérstökum kveðskap 20. aldar kvenna og finna út hvert þær sóttu fyrirmyndir og hvar rætur þeirra liggja. Gildið með slíkri rannsókn væri að leggja fram örlitlar upplýsingar í viðbót við aðrar rannsóknir á kveðskap kvenna og benda á að yrkisefni þeirra væri í raun bókmenntalegur fjársjóður.

Ljóð kvennanna geyma frásagnir í bundnu máli um erfiði, ástir og ástleysi og speki þess sem ekki skilur fáránlegar staðreyndir lífsins. Ljóðin ættu að spegla það samfélag sem konur bjuggu við og vonandi tekst mér að bæta einhverju við þá þekkingu sem slík rannsókn myndi gefa af sér. Þá hafa nýlegar handritarannsóknir varpað fram áhugaverðum niðurstöðum um þann menningararf sem Íslendingar hafa skilið eftir sig og konur komu þar nokkuð við sögu. Þær eru órjúfanlegur hluti íslensks bókmenntaarfs, en sú saga hefur enn ekki verið sögð nema í brotum.

2 Aðferðarfræði og rannsóknaraðferð

2.1 Fræðileg nálgun

Í fyrsta lagi er spurt hvaða breytingar megi sjá á ljóðagerð kvenna frá Tófukvæði og kveðskap kvenna 18 öld, til ljóða þeirra Helgu, Signýjar og Þóru, en jafnfram hvernig treginn birtist í þeim? Var örsökin sú að þau reyndust of afdráttalaus og berorðuð eða var það vegna þess að konur vildu ekki hafi sig frammi með kveðskap sinn? Tilheyrðu þessar konur nýrómantísku bókmenntastefnunni sem var ríkjandi upp úr aldamótunum 1900?

Áhersla verður lögð á að greina sérstöðu ljóðanna og rætur þeirra í ljóðhefðinni, merkingarheim listaverksins og tengsl umhverfist við það. Spurt verður hvort ljóðin hafa sérstöðu, hvað gefa þau í skyn, eru þau einlæg, sorgmædd eða háðsk. Rannsakað er hver séu helstu tákn textans og úr hvaða umhverfi ljóðin spretti. Eru þau flokkuð eftir ákveðnum leiðum, eins og eftir aldri, viðfangsefni eða er um listræna heild að ræða. Þórunn Sigurðardóttir rannsakaði í doktorsritgerð sinni harm og huggunarkvæði 17. aldar skálda og kemur hún að góðum notum. Þá hefur Guðrún Ingólfssdóttir rannsakað handrit og bókmenningu Íslendinga í doktorsritgerð sinni „Í hverri bók er mannsandi“ þar sem hún fjallar um þekkingu og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld (Guðrún Ingólfssdóttir, 2011).

Helga Kress hefur verið ötul og lagt margt til málanna um kveðskap kvenna. Bókin *Stúlka* sem út kom árið 2001 hefur að geyma góðar og gagnlegar upplýsingar um fjölda kvenna sem ástunduðu ýmiskonar kveðskap frá því um miðja átjándu öldina. Rannsókn Helgu sýnir að konur ortu heilmikið af ljóðum af ýmsum toga og jafnframt að þær hafi lítið haft sig í frammi þegar kom að því að fá þau birt. Það kemur einnig fram að oftast var þeim bent á að þær réðu ekki við bragformið, þær voru viðtakendurnir, varðveitendurnir og viðfangsefnið, en hann skáldið (Helga Kress 2001, bls. 28). Þá kemur fram að sagnadansar fjalli oft um ofbeldi gagnvart konum.

Dagný Kristjánsdóttir segir í grein sinni um *Skólaljóð*, ljóðasafni sem hafa að geyma úrvalsljóð handa börnum frá upphafi eru einungis lítið brot af þeim ljóðum sem þar birtust eru eftir konur (Dagný Kristjánsdóttir, 2011). Hvers vegna og hvernig kemur það saman við það sem hér er rannsakað? Það sýnir menningarlegu stöðu sem ljóð kvenna fjalla svo oft um. Guðrún P. Helgadóttir kemst að þeirri niðurstöðu að skáldskapur kvenna hljóti að hafa glatast vegna þess að lítil skil hafi verið gerð af þeim í handritum. Einnig segir hún að til séu mikið magna f þulum og þjóðkvæðum en engin viti hvar þau eru hvað þá hvenær þau voru ort, þó getur hún sér til um það að konur hafi komið að til jafns á við karlmenn sem sést oft á því að þulurnar séu teknar úr verkahring kvenna eins og barnagælur sem þá voru raulaðar við rúm barnsins. (Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 18

). Guðný Hallgrímsdóttir sagnfræðingur hefur með rannsókn sinni á Guðrúnu Ketilsdóttur sýnt fram á að kveðskapur kvenna sé til í gömlum handritum en aldrei undir þeirra eigin nafni. Aftur á móti séu karlmenn skráðir fyrir þeim og því í raun ógerlegt að nálgast efni eftir konur þar sem efnið sé svo vel falið (Guðný Hallgrímsdóttir, 2013). Samantekt á ljóðum, Helgu Pálsdóttur (1877-1973) sem verið er að búa undir útgáfu, gagnast líka vel. Þau hafa að geyma vel geymdar perlur um líf og störf vinnukvenna á Íslandi. Þau snúast um reynslu konunnar innan þess þrönga ramma sem henni var sniðinn sem fátækri vinnukonu (Ásta Þorbjörnsdóttir, munnleg heimild, 27. febrúar 2015).

Meðal annarra fræðibóka sem hér verður stuðst við er til dæmis bók Dagnýju Kristjánsdóttur *Kona verður til* sem kom út 1996 og birtir rannsókn á bókum Ragnheiðar Jónsdóttur. Dagný talar um að nauðsynlegt sé að beita aðferðum strúktúralismans við greiningar á ljóðum og ritum kvenna. Með þeirri aðferð væri hægt að nálgast raunverulega vitund textans, djúperð hans auk þess sem tækifæri gefst til að skoða textana bæði sögulegu og samfélagslegu ljósi (Dagný Kristjánsdóttir, 1996). Jafnframt verður stuðst við bók Joönnu Russ *How to Suppress Women's Writing* þar sem hún rannsakar viðtökur á skáldskap kvenna. Rannsóknir Russ sýna að þau rit sem ekki birta skáldskap kvenna geti ekki talist til öndvegisrita. Hún spyr hverjir séu lesendur ljóðanna, og hvort lesendahópurinn spegli þá vinsældir ljóðanna? Lesendur eru ólíkir hópar, það geta verið menntamenn, verkamenn, konur, hinsegin fólk, börn eða jaðarhópar. Allar mannlegar hliðar alls mannskynsins þurfa að liggja til grundvallar þessara öndvegisrita (Joanna Russ 2005, 118). Svipaðar áherslur einkenna rannsóknir Erlu Huldu Halldórsdóttur en í bók sinni, *Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum*, sýnir hún hvernig menningarlegt auðmagn tilheyrði efri stéttunum og hvernig gat það einfaldlega falist í því að kunna að skrifa, hjá fátæku vinnufólki var sú þekking jafnvel talin vera til óþurftar (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2013).

Þá hefur Matthew James Driscoll sagnfræðingur stundað rannsóknir á gömlum handritum þar sem hann dregur upp all áhugaverðan fróðleik um handrit sem eru vel geymd í handritasöfnum. Í þeim má sjá að svokallaðar veraldlegar bókmenntir tilheyrðu ekki öndvegisritum en þó nokkuð var um að slíkar bókmenntir væru skrifaðar hér á landi og vinsældir þeirra töluverðar (Driscoll, 1997). Þá hefur hann velt fyrir sér stöðu riddarasagna í íslenskum bókmenntum en þær voru töluvert vinsælt lesefni hér á landi um langt skeið eða allt frá 13. öld til loka 19. aldar (Driscoll, 1990). Höfðu riddarasögur áhrif á bæði framsögn og yrkisefni kvenna eins og til dæmis Tófukvæði? Aðrar rannsóknir sem snúa að elegískum rannsóknum á kveðskap kvenna skipta þó miklu máli, þær segja okkur frá sambandi milli sorgar og saknaðar, milli ástar og ástleysis, hvernig brugðist er

við láti ástvinar og hvernig unnið er úr þeim tilfinningum. Hvernig var arfleifðin og hvernig voru hefðirnar? Dönsuðu konur sig kannski út úr sorginni?

Aðalheimildirnar sem unnið verður með auk fræðibókanna, eru útgefnar ljóðabækur eftir Ingibjörgu Benediktsdóttir *Frá afdal til Aðalstrætis*; ljóð Þóru frá Kirkjubæ; ljóðabók Signýju Hjálmarsdóttur *Geislabrot*; og bækurnar *Kvæði og dansleikir* (1964) eftir Jón Samsonarson. Jafnframt var rætt við Ástu Þorbjörnsdóttur bónda á Grjótá um skáldkonuna Helgu Pálsdóttur en Ásta fræddi höfund um undirbúning að ljóðabók eftir Helgu en hún skildi eftir sig ógrynni af kveðskap sem geymdur hefur verið á Byggðasafninu á Skógum. Helga sóttist aldrei eftir því í lífandi lífi að fá neitt birt af því sem hún orti.

The Oxford Handbook of the Elegy er stórt rit sem gefið var út árið 2010 en þar er meðal annars að finna greiningar á kveðskap allt frá því á dögum Forn-Grikkja til okkar daga. Elegían er yfirleitt kennd við sorgar- eða saknaðarljóð (Jakob Benediktsson, 2008).

Það sem segja má að skorti í rannsóknum á kveðskap kvenna er að skoða elegísk sérkenni og sérstöðu ljóða þeirra, ljóða sem sýna sannar hliðar mannlegrar tilveru á einstakan hátt og sem eiga fullt erindi við nútímann. Handritarannsóknir hafa leitt í ljós urmul af efni eftir konur, þær gefa okkur líka nýja sýna á það hvað var vinsælt afþreyingarefni Íslendinga á öldum áður, líkt og riddarasögurnar sem skarast á við elegíuna. Þá er það merkilegt að aldamótaskáldin og þá karlmenn ortu undir áhrifum frá stefnu nýrómantíkurinnar en kvenkynsskáld hafa ekki verið settar þar undir. Þetta er í samræmi við það sem Guðni Elísson segir í *cand.mag.* ritgerð sinni um nýrómatískuskáldin, en þar fjallar hann um það hvernig hallar á konur (sjá einnig Guðni Elísson, 1987). Allar þessar rannsóknir munu nýtast vel í ritgerðinni sem og frumheimildir af ljóðabókum útgefnum sem og óútgefnum

2.2 Tapaður kveðskapur

Helga Kress fjallar um hinn þögla yrkjanda sem ekki fékk sig til þess að birta ljóð sín í lífanda lífi (Helga Kress, 2001). Í samantekt Guðrúnar P. Helgadóttur um skáldkonur fyrri alda kemst hún að þeirri niðurstöðu að skáldskapur kvenna hljóti að hafa glatast vegna þess að þeim hafi verið gerð lítil skil í handritum. Vísur Steinunnar Refsdóttur hafa þó varðveist og mönnum hafi þótt þess virði að læra þær utan að, hún hafi sýnt þekkingu og leikni í orðavali og þær þótt vel kveðnar „Braut fyrir bjöllu gæti / bönd ráku Val strandar / mögfellandi mellu / móstalls, Vísund allan / Hlífðit Krístr, á er knefði / knörr, málmfeta varra; / lítt ætla ek, at guð gætti / Gylfa hreins at einu“ orti hún þegar hún boðaði þangbrandi presti heiðni (Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 120). Háðið leynir sér ekki í vísunni eins og Guðrún bendir á. Til þess myndar prestkenningin: „gætir bjöllu“ of mikla mótsögn við glæsikenningar fornaldarinnar“ (bls. 120). Vísur kvenna á þjóðveldisöldinni eiga ættir að rekja til þulna sem oftast en ekki voru án höfundar og eru vísur Steinunnar

meðal örfárra vísna sem hafa varðveist. Bæði hefur Snorri Sturluson nefnt þær í Eddu og einnig þótti höfundur Njálu vísunnar frásagnarverðar (Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 121).

Einnig hafa verið gerðar rannsóknir á handritum sem hafa að geyma kveðskap kvenna til dæmis í umsjón Guðnýjar Hallgrímsdóttir. Þær varpa ljósi á að kveðskapur kvenna sé til í gömlum handritum en aldrei undir þeirra eigin nafni. Aftur á móti séu karlmenn skráðir fyrir þeim og því í raun ógerlegt að nálgast efni eftir konur sem sé svo vel falið. Nýlegur fundur á kveðskap Helgu Pálsdóttur (1877-1973) frá Grjótá, sem verið er að búa undir útgáfu, gagnast líka vel því þar er að finna vel geymdar perlor um líf og störf kvenna á Íslandi en Helga var fátæk vinnukona alla sína ævi en skildi eftir sig handrit, sem nú mörgum áratugum seinna gefa innsýn líf þeirra sem stóðu vaktina ekki síður en hinna. Þá hafa handritarannsóknir Matthew J. Driscoll leitt okkur inn í nýja heima og fært okkur ný sannindi um hvað var vinsælt efni til aflestrar hér á landi á aldaðir. Elegísk aðferðagreining er nauðsynleg og með því að beita strúktúralískum aðferðum sem skilgreina og lýsa má nálgast efnið á annan og nánari hátt en áður hefur verið. Túlkun textans í tímaröð eða samkvæmt þemum skiptir líka máli ef annað þrýtur.

2.3 Klassíkin, humanisminn og elegían

Hjá Rómverjum þróaðist elegían í ástarljóð með skáldin Propertius og Ovidius fremsta í flokki. *Públíus Óvidius Nasó* fæddist 43 f. Krist í bænum Súlmó á Mið-Ítalíu. Hann ólst upp í riddarastétt við góð kjör og faðir hann sendi hann til mennta í stjórnámalum. Óvidius hneigðist hinsvegar til skálskaparins og hans fyrsta verk var *Amours*, safn ástarljóða, en þess konar ljóð voru mikið í tísku um þær mundir í Rómaveldi. Sagt var að kveðskapur Ovidíusar hafi ekki verið dýru verði kveðinn, ljóðin hafi verið ort af gamansemi og léttúð frekar en af alvöru og ástríðu. Ljóðið *Amours* fjallar um ástarævintýri skáldsins, aðalpersónan hann sjálfur og kona nokkur að nafni Kórinna (Kristján Árnason, 2009, bls. 11-12).

Þess má geta að ljóðin bárust til Íslands, Bjarni Thorarensen og Matthías Jochumsson þýddu nokkur kvæði úr bókinni sem varðveist hafa í handritum. Þýðingin var íslenskuð að fornyrðislagi, „kom þá Kolfinna / í kyrtli gyrtum / tvíkleyft þakti hár / háls mjallfagran / sem Helga fagra / með hári gullnu / Ormstungu vekti / ástarbríma“, „sprundin nakta / spennta jeg óður / ástum brennandi / upp að brjósti“ Hér er Kórinna orðin að Kolfinnu, þá segir að ekki var alltaf alsæla í ástarbrímanu á milli hennar og skáldsins því hún átti það til að loka það úti með tilheyrandi vonbrigðum vonbiðilsins (Kristján J. Gunnarsson, 1964, bls. 13). Það sem er merkilegt við þennan tón í verkum Ovidíusar er að hann varpar nýju ljósi á kapp fornaldar. „Megi aðrir dást að fortíðinni fyrir mér,“ sagði Ovidius enda sá tími horfin þar sem afrek hetja og hálfguða voru lofuð. Helsti vígvöllurinn væri ástin

sem hefði geymt dýpstu og innilegustu tilfinninguna, að sögn þessa elegíska skálds á tímum Rómverja.

Kveðskapur Ovidiusar átti eftir að njóta vinsælda og breiðast víða um lönd. Þess er ekki síst að þakka klausturmenningu miðalda sem varðveitti og skráði dyggilega niður verk eftir klassíska höfunda. Hylli Ovidiusar óx mjög á 11. öld en skáld þess tíma heilluðust af ástarverkum hans og ortu um riddaralegar hirðástir. Þó svo að umfjöllunarefnið væri ekki beint guðrækilegt þá gátu menn með því að lesa dýpra í verkin fundið boðskap sem nærði andann og gaf þeim æðri merkingu (Kristján Árnason, 2009, bls. 20). Við endurreisnina breyttist elegían nokkuð.

Endurreisnartímabilið vísar til endursköpunar á menningu og listum undir áhrifum frá grískum og rómverskum listum. Verk sem lengi höfðu legið óhreifð á bókasöfnum urðu vinsæl og fornir höfundar sem ortu um guðdómleika sem og mannlegar hliðar lífsins nutu sín sem aldrei fyrr (Spurr, 2006, bls. 80-81). Peter M. Sacks skrifar um elegíu í bók sinni *The English Elegy* hann segir að flestar rannsóknir á elegíu hafi tilhneigingu til þess að lýsa henni frekar en að túlka. Hann vilji frekar spyrja hvernig hefðbundin tákn elegíunnar tengist því hvernig það er að missa nákominn ættingja og hvernig huggunin sé liður í því að ná aftur bata (Sacks, 1985, bls. 1).

Karen Weisman skrifaði merkilega bók um elegíu, sem út kom árið 2010. *The Oxford Handbook of The Elegy*. Þar rekur hún sögu hennar frá tímum Forn-Grikkja til okkar daga. Anita Helle, einn greinarhöfundur bókarinnar segir að nýir tímar og nýjar rannsóknir á elegíu á sorg og sorgarviðbrögðum hafi í sér menningarlegt verðmæti (e. culture capital) sem sé óaðskiljanlegt félagslegu einkenni þess að vera maður og eigi því rétt á sér. „memorials and new calls for “compassionate listening“ raise questions about just what it means to consider women’s elegies as a kind of culture capital” (Weisman, 2010, bls. 464). Anne K. Mellor annar greinarhöfundur fjallar um muninn á því hvernig syrgjendur tjá sorg sína og að kynin séu ólík að þessu leyti. Hún segir að það megi finna ákveðið mynstur í tjáningu karlanna. Sorgin er þá meðhöndluð vitsmunalega (e. intellectual) frekar en tilfinningalega (Intuitive) (Weisman, 2010, bls. 442). Reiðin er til staðar í upphafi, hún þróast í bölvun og þar á eftir spyrja þeir um örsök dauðans, þetta kallar Mellor stigskipt sorgarviðbrögð (e. Instrumental griever). Ennfremur segir hún að karlmenn vilji frekar tala um orsakir dauðans frekar en tilfinningar honum tengdum. Aftur á móti hafa konur meiri tilhneigingu til þess að láta tilfinningarnar ráða. Mellor skilgreinir þær samhyggðar syrgjendur (e. Intuitive griever) þá gráta þær meira og vilja deila sorginni með öðrum. Hún skiptir sorgin upp í sex stig hjá konum „acceptance-yearning alternation wiht denial; acceptance accompanied by intense yearning; acceptance-yearning; acceptance-yearning-anger; acceptance-yearninga-depression; greater

acceptance-yearning“. Samhyggðarsyrgjendur upplifa sorg sem tilfinningu og konur sýna þessar tilfinningar með tárur, þynglyndi, kvíða, lystarleysi, einbeitingarerfiðleikum, reiði og pírting. Þá velja þær sér ólíkan máta til þess að tjá þessar tilfinningar, þær vilja tala um þær við aðra fjölskyldumeðlimi, vini og jafnvel stuðningshópa. Sorgin er þá orðin að ævilöngum ferli, hluti af sjálfsmýnd viðkomandi og þar af leiðandi dýrmæt tilfinning (Weisman 2010, bls. 443). Mellor segir að þó svo að þessi myndur séu líkleg til þess að skilgreina mun á viðbrögðum syrgjenda sé það þó aldrei alveg svo einfalt, auðvita geta karlmenn verið samhyggðarsyrgjendur eða konur (intellectual) syrgjendur, þó að fyrrnefnd flokkun eftir kynjum sé líklegri. Báðir þessir flokkar syrgjenda eru af hinu góða ef svo má segja, en ákjósanlegt er að hafa blöndu af hvorutveggja (Weisman 2010, bls. 444). Hér er komin skýring á mismunandi sorgarviðbrögðum kynjanna.

Rannsóknir Anne Mellor hafa sýnt fram að konur hafi sjaldan ort kirkjulegar (trúarlegar) elegíur vegna þess að þær setji meiri tilfinningar í verk sín heldur en karlar. Hins vegar, í þau fáu skipti sem þær yrkja slík kvæði verða þau vélræn og skorta tilfinningar, líkt og þær vilji sanna fagmennsku sína. Kirkjulegu kvæði Elizabeth Thomas; „A Pastoral Elegy, To the Memory of her dear friend the Honourable Mrs. Cecilie Bow“ (1726) og In Memory of Mrs. Elizabeth Blackler (1717) sýna það. Er það einmitt raunin, er munurinn mikill á milli kvenna og karla þegar tekist er á við sorgina? Hvernig má greina harm- og erfiljóð í sundur?

Þórunn Sigurðardóttir hefur rannsakaði erfi, harma og huggunarkvæði frá 17. öld. Doktorsritgerð hennar, *Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld* greinir í sundur tækifæriskvæði sem þekkt skáld ortu í minningu samtímamanna sinna. Kvæðin eiga það sameiginlegt að hafa varðveist í handritum og aldrei verið sett á prent. Hún talar um að erfiljóð hafi verið ópersónuleg og fábrotin í flestum tilfellum (Þórunn Sigurðardóttir 2014, bls. 291). Hún segir að þegar kvæðin eru greind og flokkuð í erfi-harm- eða huggunarkvæði skiptir máli að kanna afstöðu skáldsins til viðfangsefnisins og stöðu hans við hinn látna.

Þórunn greinir kvæðin með því að skoða fornöfnin í þeim. Erfiljóð séu oftast í þriðju persónu frásögn, þá sé fjallað um ætt þess látna, uppruna, menntun, fjölskyldu, dyggðir, trú og þá oftast samfélagslegar dyggðir. Þá koma fyrir ártöl, fæðingardagur, giftingardagur og dánarár. Þessi kvæði eru því föst í formi og hafa ekki aðra skýrskotun. Þá birtast ekki persónuleg sorg í erfiljóðum (Þórunn Sigurðardóttir 2014, bls. 292). Harmljóð eru hinsvegar alltaf í fyrstu persónu, þá talar sá sem er að syrgja við guð og almættið, við sína eigin sál eða sál hins látna, hann yrkir um missinn og söknuðinn og þá út frá sér sjálfum. Þórunn segir að þá séu harmljóð bæði leikræn og sjálfmiðuð. Nafn þess látna kemur þá ekki fyrir í kvæðinu en getur staðið sem fyrirsögn. Þessi tegund af

Ljóðum er til þess fallinn að hver sem er getur sett sig í spor þess sem misst hefur. Huggunarkvæði eru ort til vinar, sá sem yrkir sýnir hluttekningu í harmi þess sem hefur misst. Þá koma vinarorð oft fyrir í kvæðinu og dæmisögur úr Biblíunni til huggunnar (Þórunn Sigurðardóttir, 2014, bls. 293). Svo er spurningin hvernig hafa gömul kvæði varðveist hér á Íslandi og hvernig hægt hafi verið að nálgast slíkt efni?

2.4 Túlkun og greining á ljóðatexta

Ljóðabækurnar sem verða greindar hér á eftir eru útkomin ljóðabók Helgu Pálsdóttur (1877-1973), ljóðabókin *Geislabrot* eftir Signý Hjálmarsdóttur (1920-1956) og *Ljóð Þóru frá Kirkjubæ* eftir Þóru Jónsdóttur (1895-1966). Skáldin eiga það sameiginlegt að kveðskapur þeirra kom aldrei fyrir almenningssjónir í heild sinni fyrr en eftir lát þeirra. Ljóð Helgu Pálsdóttur koma fyrst fram nú í heild sinni fjörtíu og tveimur árum eftir lát hennar. *Geislabrot* 1957, ári eftir andlát Signýjar og Þóru árið 1972 sex árum eftir lát hennar. Þess má geta að aðstandendur kvennanna sáu um að koma verkum þeirra til útgáfu. Við greiningingu á ljóðunum tek ég mið af bók Sveins Yngva Egilssonar *Textar og túlkun* (2011) og doktorsriti Þórunnar Sigurðardóttur.

Í kaflanum „Að yrkja bók, ljóðabókin sem „litræn heild“ og þar setur Sveinn fram spurningar um það hvað sé listræn heild og hvernig ákveðið skáldverk geti myndað slíka heild. Hann skýrir það svo að með orðinu heild sé verið að vísa í að verkið hafi upphaf, miðju og endi, samkvæmt Aristóteles þá hafa til dæmis harmleikir í sér röð „athafnakeðja“. Verkið sýnir þá einskonar vöxt sem teygir anga sína í allar áttir eins og jurt sem sprettur upp af eigin orku. Einstakir hlutir jurtarinnar háð hverjum öðrum þannig ef eitt laufblað er slitið upp af jurtinni þá dæi það, einskonar lifandi sköpunarverk (e. *Organicism*) (Sveinn Yngvi Egilsson, 2011, bls. 13-14). Fagurfræði verksins byggist því á rómantískum hugmyndum um lífræna heild sem á rætur að rekja til hugmynda á 19. öld manna og er arftaki rómantíkurinnar. Ekki eru allir á sama máli um þessa greiningu á listrænni heild og hafa grafið undan hugmyndinni eða afbyggt hana (e. *deconstruction*). Paul de Man telur að slíkar vangaveltur séu falskar “því að þar sé gengið út frá því að tungumálið geti með myndhverfingum og mælskubrögðum, sameinað hug og náttúru, hugmyndir og skynjanir.” Hlutverk fræðimanna er því að greina en ekki að taka ógagnrýnt upp afstöðu og orðalag rómantíkurinnar. Þá er ekki úr vegi að skoða hugmyndir nýrómantíkkunnar um skáldið og skáldímyndina.

2.5 Nýrómatíkin og sál listamannsins

Aldamótaskáldin ortu undir áhrifum nýrómantísku stefnunnar. Stefnu sem blind trúði á mátt hinna skapandi snillinga sem áttu það sameiginlegt að yrkja um það sem bjó innra með mannum og um leið inn í þann djúpa veruleika sem sálin hafði að geyma.

Bókmenntafræðingum til mikillar gleði gátu þeir nú skyggnast inn í heim persónanna að baki ljóðanna. Skáldsnillingurinn er hafinn yfir meðalmenskuna bæði gáfaður og um leið gæfulaus (Guðni Elísson, 1987). Hann gat ekki ort nema bláfátækur og snauður því engin veit hve systurnar sorg og gleði hafa gengið í gegnum nema að kynnast því sjálfur. Þannig er hinu nýrómantíska skáldi lýst. Hinn hamslausi snillingur sem sveiflaðist á milli engils og erkidjöfuls, þar sem menn voru farnir að efast um úreltar og gamlar siðareglur. Aldamótaskáldin (allt karlmenn) sigldu utan til þess að mennta sig og skáldvitund þeirra var mikil. Konur féllu ekki inn í þennan heim. Þær fóru ekki utan til náms og samtíminn leit ekki svo á að konur pössuðu inn í þennan veruleika (Guðni Elísson 1987, bls. 60). Ljóð nýrómantískuskáldanna höfðu á sér listrænan blæ, skáldin ortu heildstæð verk með það fyrir augum að gefa út.

Ljóð og kvæði margra skálda á 19. öldinni birtust hér og þar á stangli í ýmiskonar tímaritum eða sérprentunum. Þeim var síðan safnað saman seinna á ævi skáldsins eða eftir dauða þess. Þessi verk höfðu ekki tilhneigingu til þess að teljast til listrænnar heildar því aðrir en skáldin sjálf hafa þá séð um útgáfuna með það fyrir augum að halda skáldskapnum til haga í söfnunar- og útbreiðsluskyni frekar en tilraun til listrænnar heildar (Sveinn Yngvi Egilsson, 2011, bls. 18).

Um annars konar greiningu á ljóðunum má nefna ytri rök röðun þeirra, til dæmis þegar ljóðum er raðað upp eftir tímaás, en það er nokkuð ung hefð hér á landi. Flokkunin getur þá verið frá því skáldið hóf sinn kveðskap, æskukvæði og svo fram eftir ævinni. Önnur flokkun er síðan að beita innri rökum við röðun ljóðanna, en þá eru ljóðunum raðað upp eftir viðfangsefni. Einar Benediktsson var fyrstur skálda til þess að flokka kvæðin á þann hátt. Hann flokkaði þau upp í þjóðernis- og ættjarðarljóð, náttúru- og staðarljóð, söguleg kvæði, tækifæriskvæði og ljóðabýðingar. Þessi flokkun Einars hefur einkennt mörg ljóðasöfn allt fram á okkar daga. Sveinbjörn Egilsson flokkaði árið 1833 ljóð tengdaföðursins síns, Benedikts Gröndals eldri, í bókinni „Kvæði“ á þennan hátt, fyrst komu þýðingar og síðan vinaóskir og lukkuóskir, grafskriftir og erfíljóð, vísur um forsjón Guðs, mansöngsvísur, aldafarsvísur, um fornmennt og aðra, ádeilduvísur, um kveðskap, vísur ýmislegs innihalds, um sjálfan sig. Þessi flokkun er þveröfug við flokkun Einars (Sveinn Yngvi Egilsson, 2011, bls. 30).

Svokölluð nýrýni var um langt skeið á fyrri hluta 20. aldar ríkjandi skólastefna í Bandaríkjunum en Barbara Johnson segir að það að kenna bókmenntir sé að kenna að lesa, þá er textanum veitt athygli sem aftur á móti hraðlesari nútímans skautar oftast yfir, hann sneiðir hjá, virðir að vettugi og telur til aukaatriða að greina textann (Þorsteinn Þorsteinsson, 2015). Nýrýnin var öðrum ræði sett til höfuðs ævisögulegu aðferðinni, sem lagði áherslu á æviferil skáldsins, en sú greiningarhefð hefur ekki átt upp á pallborðiðum

um alllangt skeið í íslenskra bókmenntafræði. Þó er eyðan í bókmenntasögu kvenna slík að ekki er hægt að líta framhjá greingarleiðinni í samhengi ritgerðarinnar, auk þess sem mörg kvæðanna spretta beint upp úr reynsluheimi skáldkvennanna og kalla þau beinlínis í túlkun á að litið sé til ævi þeirra.

Sálgreining hefur verið notuð í tengslum við ævisöguaðferð í bókmenntarannsóknnum (e. psychobiography) og þá sem vitneskja um sálarlíf höfundarins. Þá eru verk höfundar lesin og leitað eftir atvikum sem gætu hafa mótað líf hans sem síðan leitaði útrásar í skáldskapnum (Dagný Kristjánsdóttir, 1996, bls. 32). Dagný segir að ekki hafa allir verið á sama máli um þessa sálgreiningu bókmenntanna, þeir sem unna bókmenntum tala um að skipa þeim í öndvegi en ekki gera að „hornkerlingum“. Ávallt hlýtur að skipta máli hvernig höfundur er stemmdur þegar hann skrifar verk. Hver er drifkrafturinn ef ekki eigin tilfinningar? Verk hundrað kvenna frá miðöldum fram til okkar daga hafa einmitt að geyma þannig skáldverk. Þau eru heimild um sálarlíf skáldsins og verkefni fyrir bókmenntafræðinga til þess að upplýsa um andleg áföll og jafnvel geðveilur sem textinn sjálfur segir til um og er í raun og veru efnið allt í senn.

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina tók við annar tónn í rannsóknnum á bókmenntalegri sálgreiningu. Farið var að skoða textann út frá ólíkum tímabilum, finna í þeim mynstur með hugtökum hennar og hún notuð til þess að dýpka og auka túlkun á bókmenntaverkum. Í svokallaðri sálrýni (e. psychoriticism) var ekki lengur leitað út fyrir textann í sál listamannsins lengur nema að aðstæður kölluð eftir því. Melanie Klein þróaði sínar eigin túlkanir á því sem hún kallar viðfangs-tengsla kenning (e. object-relations theory). Þar stillir hún upp kornabarni og rýnir í hvernig sterkar andstæður tilfinninganna ríkja samtímis í sálarlífi þess, það er bæði ótti og sæla á sama tíma. Hún telur að sálfræðileg vörn barnsins sé þá að kljúfa þetta ástand í tvennt, sem veitir því í senn viðurkenningu og afneitun, fullnægir þörf þess og neitar að gera það. Eftir því sem barnið þroskast þá skilur það betur þetta ástand og kallar Klein þetta „hina þunglyndu stöðu“ (e. the depressive position). Kenningar Klein vöktu jákvæð viðbrögð bókmenntafræðinga, þeir tengdu listina við hina þunglyndu stöðu, eins og missi, sekt og þörfina fyrir því að endurtaka tilfinningasáran veruleika, eins og sá sem syrgir reynir að bæta fyrir þungar tilfinningar sem hann jafnvel kennir sér um, með réttu eða röngu. Bókmenntatextinn verður endursögn á persónulegri reynslu listamannsins (Dagný Kristjánsdóttir, 1996, bls. 41). Spyrja má í kjölfarið hvernig persónuleg reynsla skáldsins birtist í ljóðunum sem hér verða skoðuð og hvort lesa megum um sjálfsvitund og harm sem leitar útrásar.

Höfundi þessara ritgerðar var boðið í heimsókn til serbersknar vinkonu fyrir nokkrum árum. Þar mátti sjá hvernig harmur hefur á sér ýmsar myndir og spyrja má hvort harmur sé viðurkenndur eða falinn í samfélaginu. Vinkona höfundar vildi sýna myndband af því

Þegar sonur hennar var kvaddur í herinn. Myndbandið sýndi þriggja daga veislu þar sem öll ættmenni hans, vinir og kunningjar voru samankomin til þess að kveðja. Það er skammt frá að segja að allir grétur úr sér augun, allan tímann. Fengin var hljómsveit og hún lék lög sem opnuðu fyrir þessa útrás tilfinninganna. Landið hefur átt í miklum átökum margar aldir aftur í tímann og ömmur, mæður og dætur hafa misst syni, maka og bræður í slíkum átökum. Hér ræður sorgin og hún er sá farvegur sem fólkið velur sér til huggunar í erfiðum aðstæðum.

Upp í hugann kom ljóð Ingibjargar Benediktsdóttur, „Kraftaverk í kvennahöndum“ sem yrkir um þöglan harm orðastað Jakobínu Johnson, skáldkonu.

Það er stundum þögult kringum
þær, sem heima vinna.
Ljósinn þurfa að ljóma og tindra
á leiðum flestra hinna.
Segir fátt af einum.
Stundum eru stórir vængir
stýfðir þar í leynum.
Skuggarnir og skilningsleysið
skýla vængjatökum.
Enginn veit hve oft er grátið
aldrei spurt að sökum.

(Ingibjörg Benediktsdóttir 1938, bls. 128)

Hvernig er þessu háttað á Íslandi? Formóðir mín, langamma, eignaðist 10 börn hún missti þrjú þeirra og eiginmann á sama ári og tókst með ólíkindum að ala upp eftirlifandi börnin ein og af miklum myndugleika, þó svo að hún hafi alltaf verið fátæk. Það þarf ekki að spyrja um hennar sorg heldur hvernig hún vann sig út úr henni. Orðræðan innan fjölskyldunnar var á þá leið að hún hafi verið sterk og borið sorgina í hljóði. Það þótti göfugt í hennar sveit.

Eftir að hafa greint ljóð kvennanna þriggja má telja sem konur hafi tekist á við sorgir sínar í hljóði. Maður var alin upp við það að bera sorg sína í hljóði og að vera ekki með neitt volæði. Finna má ljóð eftir íslenska höfunda, þar sem ort er um sárar tilfinningar og hvert orð er valið af nærgætni, kannski til þess að sefa mesta sársaukann, kannski til að særa engan. Þóra frá Kirkjubæ orti endur fyrir löngu ljóð um lítinn dreng sem dó á jólakvöld, um djúpan harm sem ristir sál þess sem missir. „Klukkur hringdu inn hátíð jarðarbarna, / í heiði bláu vakti jólastjarna“ (Þóra Jónsdóttir, 1972). Þóra setur sig í spor þess sem missir. Hún sjálf gekk í gegnum djúpan sársauka við að missa barn.

Tilfinningarnar eru mjög elegískar í þessu ljóði, enda má lesa á fallegan máta um það hvernig sársaukinn og sorgin eru að buga móðirina.

Hvað er elegía og hvernig getur hún opnað augu okkur fyrir því að sorgin þarf á útrás að halda í hvaða formi sem er? Í bókinni „*Hugtök og heiti í bókmenntafræði*“ er elegíu lýst svo, hún lýsi ákveðnum persónulegum hugblæ og þær eru þekktar allt frá 7. öld fyrir Krist. Hún var þá ort undir forngrískum bragarhætti sem samansettur var úr tvíhendum, honum var ekki skipt upp í erindi eins og algengt var í grískum og latneskum kveðskap frá upphafi (Jakob Benediktsson, 2008). Þá kemur fram að elegían var stundum ástar og saknaðarljóð. Ljóð þóru lýsa einmitt djúpum söknuðu þeirra sem þurfa að kveðja ástvin langt fyrir aldur fram.

3 Skólaljóðin

Í byrjun 20. aldar kom út bókinn *Skólaljóð* handa börnum en með henni var ætlunin að færa íslenskan menningararf til barna sem voru að vaxa úr grasi. Hvernig lítur þessi menningararfur út þegar hann er skoðaður í nýju samfélagslegu ljósi? Í samantekt Dagnýjar Kristjánsdóttur segir að hvatamennirnir að bókinni voru prestar en þeir veittu skólanefndum forystu. Það var árið 1901 sem séra Þórhallur Bjarnason sem seinna varð biskup yfir Íslandi gaf út fyrstu skólaljóðin. Nauðsynlegt þótti að efla þjóðerniskennd og sjálfsmynd hnípinnar þjóðar og hugmynd kviknaði um útgáfu bókarinnar. Þórhalli fannst ljóð skálda vel til þess fallin að kenna börnum sögu og að innræta þeim ást á landinu. Þá taldi hann að unglingar lærðu móðurmálið mest og best með því að læra bundin ljóð. Bókin var endurútgefin langt fram eftir tuttugustu öldinni. Það er sorgleg staðreynd þegar bækurnar eru skoðaðar að aðeins þrjá konur voru valdar í bókina af 63 skáldum (Dagný Kristjánsdóttir, 2011).

Sú staðreynd er ljós að kvenskáld voru ekki höfð með í *Skólaljóðum* en spyrja má hvers vegna. Joanna Russ segir, í umræðu um viðtökur á verkum kvenkynsrithöfunda, að haft hafi verið á orði um kveðskap kvenna: „Hún skrifaði þetta, en hefði hún átt að gera það? Þessi spurning vekur athygli við lestur *Skólaljóðanna*. Russ ræðir hvernig endurmat á list minnihlutahópa hefur leitt til þess að öndvegisritum bókmenntanna hefur verið kollvarpað. Hún veltur því fyrir sér hvort hægt sé að kalla öndvegisrit því nafni þegar mikið af verkum minnihlutahópar vantar. Sérstaklega nefnir hún konur í þessu sambandi, þær eru jú helmingur alls mannkyns. Þá segir hún að þeir ríkjandi hópar sem hafi haft aðgang að öndvegisritunum hafi hafnað fulltrúum minnihlutahópanna og þannig setið einir að hefðinni. Skýringuna segir hún vera að þegar konur færa sig um set í þjóðfélaginu ógni þær stöðu karlmannna og afhjúpi varnarleysi, veikleika og hjálparleysi þeirra.

En hvernig ljóð ortu þá konur? Voru það náttúru ljóð eða raunsæis ljóð eða voru ljóðin tregablandin, lýstu erfiðri lífsbáráttu og þeirri staðreynd að margar konurnar bjuggu við ótrúlega erfið lífsskilyrði og máttu jafnvel sjá á eftir feðrum, eiginmönnum og börnum? Ortu þær á rómantískan máta eða raunsæismáta eða voru þær nýrómantískar í sínum skáldskap og hver fræddi þær um bragfræði? Kom þetta menntun þeirra við á einhvern hátt? Var ein af ástæðum þess að ljóðin voru ekki sýnileg sú að þau voru óprentuð og þeim hafði ekki verið safnað saman eða var það viðtekin venja kvenna að vilja ekki láta á sér bera að hafa sig ekki í frammi? Áttu kvenskáld ekki samleið með nýrómantísku skáldunum? Eitt er víst að ansi mörg skáld voru konur og bókmenntir þeirra eru ekki síður mikilvægar en annarra skálda. Skoða má í því sambandi hvað rannsóknir á

kvinnabókmenntum hafa varpað ljósi á. Dagný Kristjánsdóttir fjallar um slíkar rannsóknir í bók sinni *Kona verður til*. Til þess að geta fjallað um kveðskap kvenna á raunverulegan hátt þarf að skilgreina hvaða leiðir séu bestar til þess að komast að kjarna málsins. Til þess að skilja orðræðuna betur er nauðsynlegt að skoða hvað hefur verið skrifað um kvinnabókmenntir á Íslandi. Mikill eldmóður einkenndi rannsóknir í kvinnabókmenntum um miðbik sjöunda áratugarins, sem stafar af þeirri miklu þróun sem átti sér stað í tækni og vísindum og þeirri þenslu sem einkenndi allt efnahagslíf á Vesturlöndum. Upp spruttu allskonar grasrótahreyfingar eins og til dæmis kvannahreyfingar þar sem konur kölluðu eftir frelsi og jafnrétti. Kvenkyns námsmenn komust að því að nánast var ekkert um það að námsefni tengt bókmenntaverkum kvenna var kennt í háskólum og miklir fordómar voru gagnvart verkum kvenna. Því var mikill eldmóður í þeim eins og áður sagði. Bókmenntirnar urðu baráttutæki kvenna til jafnræðis og allar kvinnarannsóknir beindu sjónum sínum að því að sannfæra stjórnvöld um að bæta hag kvenna með tilliti til þess að þær hafi verið útskúfaðar með öllu út úr öndvegisritum bókmenntanna. Hafa aðeins þrjár konur fengið birt ljóð sín í *Skólaljóðunum*. Þær voru Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum (1857-1933), Unnur Benediktdóttir Bjarklind (Hulda) (1881-1946) og Theodóra Thoroddsen (1863-1954). Ástæðuna er sennilega að leita víða. Kannski vildu konur ekki hafa sig frammi, þorðu ekki að birta ljóðin sín, brenndu þau eða að þeim hafi ekki fundist þær vera raunveruleg skáld.

Um valið í *Skólaljóðin* sagði Þórhallur aðspurður að hann hafi einfaldlega valið það sem honum þótti hvað best og skemmtilegast og viljað að sín börn lærðu. Um endurútgáfuna má leiða líkum að því að gæta hafa þurft höfundaréttar og þessvegna urðu aldrei fleiri kvenskáld í bókinni en raunin var. Stundum komu ný skáld inn í bókina á milli útgáfa. Ljóðin sem séra Þórhallur valdi í bókina höfðu góð uppeldisleg gildi eins og heilræðavísur Hallgríms Péturssonar. Hér hefur Þórhallur sennilega ekki fundist konur falla inn í nýrómantíkina eins og áður sagði. Hvað menntun varðar þá höfðu konur ekki hlotið menntun um aldamótin 1900 en spyrja má hvernig þessu var háttað hjá karlmönnum.

3.1 Menntuð skáld í Skólaljóðunum

Í *Skólaljóðunum* sem út kom 1964 er fyrstur allra Hallgrímur Pétursson (1614-1674) hann var prestur að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd menntaður frá Kaupmannahöfn. Næstur er Stefán Ólafsson (1619-1688) hann var háskólamenntaður, prestur og prófastur í Vallanesi. Eggert Ólafsson lagði stund á náttúrufræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Bjarni Thorarensen (1786-1841) var löglærður frá Hafnarháskóla, Sveinbjörn Egilsson (1791-1852) var með guðfræðipróf frá Hafnarháskóla, málfræðingur og hafði snilldartök á

Íslenskir tungu, Hjálmar Jónsson (1796-1875) var ómenntaður en honum var hagnælskan í blóð borin, hann orti sárbeittar vísur til samferðamanna sinna.

Næstur er Sigurður Breiðfjörð (1798-1846) hann er talinn mesta rímnaskáld þjóðarinnar hafði hafið nám í lögum í Kaupmannahöfn en sökum fátæktar kláraði hann ekki námið. Jónas Hallgrímsson (1807-1845) kemur í kjölfarið, lærði náttúrufræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Þeir Jón Thoroddsen (1818-1868), Grímur Thomsen (1820-1896) og Benedikt Gröndal (1826-1907) voru allir menntaðir frá Kaupmannarháskóla, Páll Ólafsson (1827-1905) hafði ekki háskólamenntun og samkvæmt *Skólaljóðum* naut skáldskapur hans mikillar hylli. Steingrímur Thorsteinsson og Matthías Jochumsson hlutu báðir menntun sína frá Kaupmannahafnarháskóla. Kristján Jónsson (1842-1869) stundaði nám í Lærða skólanum í Reykjavík, Stephan G. Stephansson (1853-1927) var ekki skólagenginn. Þorsteinn Erlingsson (1858-1914), Hannes Hafstein (1861-1922), Einar Benediktsson (1864-1940), Þorsteinn Gíslason (1867-1938), Sigurður Sigurðsson (1879-1939) frá Arnarholti, Jóhann Sigurjónsson (1880-1919) og Guðmundur Guðmundsson (1874-1919) skólaskáld höfðu allir menntun frá Kaupmannahafnarháskóla. Guðmundur Friðjónsson og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni (1878-1949) luku báðir gagnfræðanámi frá Möðruvallaskóla, Jóhann Gunnar Sigurðsson (1882-1906) var með stúdentspróf, Örn Arnarsson (1884-1942) var með kennarapróf og Jakob Thorarensen (1886-1972) var sjálfmenntaður.

Jónas Guðlaugsson fæddur 1887-1916 hóf nám til stúdentsprófs en kláraði ekki, hann var blaðamaður og fjallaði um stjórnmál. Stefán Sigurðsson (1887-1933) frá Hvítadal naut ekki mikillar fræðslu en hafði hafið prentnám án þess að ljúka því. Hann var einn af brautryðjendum í nýrri stefnu í ljóðagerði þar sem hann lýsir eigin tilfinningum, sorgum og gleði. Davíð Stefánsson (1895-1964) frá Fagraskógi var með kandídatspróf í heimspeki. Jón Magnússon fæddur 1896-1944 var ómenntaður en orti mest um sveitina og sveitalífið. Jóhannes úr Kötlum (1899-1972) var með kennarapróf. Jón Helgason fæddur 1899 og látinn 1986 var prófessor í forníslenskri tungu og bókmenntum. Tómas Guðmundsson (1901-1983) var með lögfræðipróf frá Háskóla Íslands. Guðmundur Böðvarsson (1904-1974) var bókavörður. Guðmundur Ingi Kristjánsson (1907-2002) var kennari og formaður Ungmennafélags Íslands. Steinn Steinarr (1908-1958) var einn vetur í héraðsskólanum á Núpi (Kristján J. Gunnarsson, 1964). Af þessu má sjá að flest þessara skálda höfðu hlotið menntun nema þeir Bólu-Hjálmar (1796-1875), Páll Ólafsson (1827-1905), Stephan G. Stephansson (1853-1927), Jakob Thorarensen (1886-1972) og Jón Magnússon (1896-1944) alls fimm skáld.

Þrjá konur eru meðal skáldanna í bókinni eins og áður sagði, þær Theodóra Thoroddsen ómenntuð og gift Skúla Thoroddsen sýslumanni, alþingismanni og ritstjóra. Unnur

Benediktsdóttir Bjarklind (Hulda) hlaut ekki menntun en hóf ung ritstörf. Ólöf Sigurðardóttir lauk námi bæði frá Reykjavík og Kaupmannahöfn og stundaði hún ljósmóðurstörf í Reykjavík eftir það. Hún fluttist svo að Hlöðum í Glæsibæjarhreppi við Eyjafjörð. Þessar konur voru því bæði menntaðar eða unnu við einhvers konar ritstörf (Kristján J. Gunnarsson, 1964).

Þetta passar við hugmyndir manna um það að embættis og menntamenn höfðu greiðari aðgang að því að koma verkum sínum á prent en annað alþýðufólk. Tignar konur nutu töluverðrar meiri virðingar heldur en óbreyttar bóndadætur eins og til dæmis Theodóra sem var gift Skúla Thoroddsen sýslumanni enda fékk hún útgefna ljóðabækur sínar á sinni tíð.

Velta má upp þeirri spurningu hvort Theodóra hafi tileinkað sér ljóðagerð líkast því sem hin menntuðu skáld ortu eða sótti hún í aðrar hefðir. Hún orti hina fallegu þulu „Tunglið, tunglið, taktu mig / og berðu mig upp til skýja. / Hugurinn ber mig hálf leið / í heimana nýja (Kristján J. Gunnarsson, 1964). Pulan er lipurlega ort og það er einkar gaman að fara með hana upphátt. Þá er Theodóra orðvör, hún yrkir til barnanna sem læra svo af henni fegurð málsins. Guðrún Ingólfsdóttir segir að á sautjándu öldinni í Evrópu hafi verið krafa á bætta menntun presta og í kjölfari hafi aðalsmenn bætt sína framkomu sem byggðist á kurteisi sem þeir lærðu af bókum. Af þessum bókum lærðu þeir að tala og skrifa eftir ákveðnum reglum. Til voru eldri rit um hvernig best væri að hegða sér fyrir efri stéttir og kaupmenn og sem dæmi má nefna *Konungs skuggsjá* sem var fræðslurit frá miðri 13. öld en nú voru reglurnar fleiri. Aðrir opinberir starfsmenn og konur af efri stéttum þjóðfélagsins tóku upp þessa siði (Guðrún Ingólfsdóttir, 2011, bls. 16). Þá segir Guðrún ennfremur að „jafnvel þótt allmikill hluti alþýðufólks væri ólæs eða ekki læs á annað en einfaldasta guðsorð, eignaðist hann víska hlutdeild í hugmyndum lærdómsmanna við það að hlýða á lestur og frásagnir eftir bókum og handritum“ (bls. 116). Staðreyndin var sú að konur hlutu menntun en bara annarskonar menntun en karlar.

4 Konur; illa lesandi og illa skrifandi?

Um nám kvenna fyrr á öldum má segja að á meðan hin menningarlega höfuðborg Íslands, Kaupmannahöfn bauð upp á æðra nám fyrir karlmenn í yfir fimm aldir þá máttu konur sitja heima í festum. Þá sinntu þær skyldum sínum til lífsviðurværis á meðan væntanlegir eiginmenn þeirra luku námi. Það var ekki fyrr en á allra síðustu árum 19. aldar sem fyrstu konurnar öfluðu sér menntunar og voru það ljósmæður. Kvennaskólinn var konum kærkominn og árið 1904 var konum veittur aðgangur að Menntaskólanum í Reykjavík (Hrafnhildur Schram, 2005). Við lestur bókar Hrafnhildar Schram *Huldukonur í íslenskri myndlist* kemur fram að um aldamótin 1900 var Thorfhildur Þorsteinsdóttir Hólm (1845-1918) eina konan á Íslandi starfandi sem atvinnurithöfundur, hún hafði numið tungumál og hannyrðir í Kaupmannahöfn en fluttist til Kanada eftir að hún varð ekkja og stundaði þar ritstörf ásamt myndlist. Hún hlut skáldastyrki frá alþingi fyrst allra kvenna en mun að mestu sjálf hafa kostað útgáfu verka sinna. Síðar fluttist hún aftur til Íslands og kenndi stúlkum teikningu (Hrafnhildur Schram, 2005).

Það voru að sjálfsögðu starfandi aðrir skólar á Íslandi til dæmis Lærði skólinn, Prestaskólinn og Læknaskólinn svo og Kvennaskólinn í Reykjavík en hann var stofnaður árið 1874. Kvennaskólinn kenndi verklega kennslu með það í huga að mennta konur í hefðbundnum störfum sem og lítillaga í bóklegum fögum. Á meðan karlar fengu svokallaða æðri menntun fengu konur mikla menntun í handavinnu eða allt að 2/3 hluta á mótí bóklegri kennslu (Hrafnhildur Schram, 2005). Ekki kemur fram hvaða konur þetta voru og má geta sér til þess að fátækar vinnukonur hafi ekki verið þar á meðal. Þær konur sem hlutu þessa menntun voru ekki sáttar við þetta hlutskipti og kemur það meðal annars fram í bréfaskriftum þeirra á milli hve mjög svo þær þráðu að afla sér virðulegrar menntunar á sama hátt og körlum bauðst.

Nei jeg hef opt óskað að jeg hefði verið karlmaður. Nóga hæfileika hafði jeg, en þeir verða að engu. Það er öðruvísi framtíð sem bræðurnir hafa að líta fram á, en til hvers er að tala um þetta. Engin getur ráðið bót á meini þessu. Það verður hver sína götu að gánga. Jeg hef ekki verið betra verð.

(Hrafnhildur Schram, 2005)

Sú sem ritar þessi orð var Guðrún Borgfjörð (1856-1930) dóttir Jóns Jónssonar Borgfirðings. Því hefur verið haldið fram að Íslendingar hafi verið illa lesandi og skrifandi allt fram á tuttugustu öld og að aðgengi til náms hafi verið ábótavant. Guðmundur Finnbogason gerði rannsókn um raunverulegt ástand á fræðslumálum Íslendinga sem

hann nefndi *Skýrslu um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903-1904* sem kom út árið 1905. Þar kom fram að sú fræðsla sem börnin fengu voru á ábyrgð heimilanna. Húsbændurnir áttu að sjá um fræðsluna en prestar fylgdust með því hvort því væri framfylgt. Hin opinbera og um leið viðurkennda fræðsla var þá á höndum heimamanna þangað til barnafræðslulögin voru sett árið 1907 (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 16). Skýrslan þótti afar gagnleg vegna þess að hún greindi frá ástandinu í öllum hreppum landsins. Guðmundur lagði til sérstök eyðublöð sem öllum próföstum og prestum var falið að fylla út til þess að upplýsingarnar yrðu sambærilegar. Hann hlustaði á kennslu, skoðaði skólahúsnæðið og taldi hve margir menntaðir kennarar störfuðu við fræðsluna og hve margir væru sjálfmenntaðir, það er höfðu ekki hlotið formlega skólagöngu. Með skýrslunni staðfestist það að uppeldis og menntamál þjóðarinnar var ábótavant (bls 15). Í kjölfarið má spyrja hvernig þessu var háttað áður.

Barnafræðslulög voru sett árið 1790 þar sem kveðið var á að öll íslensk börn og þá bæði stúlkur og drengir skyldu læra að lesa en nokkur hængur var á að þeim lögum væri framfylgt. Hrafnhildur Schram fjallar um það í bók sinni „*Huldukonur í íslenskri myndlist*“ og segir jafnframt „að það hafi verið undir hælinn lagt að börnin fengu tilsögn í þeim fræðum.“ Langt fram á 19. öld voru íslenskar konur því óskrifandi. Hér telur Hrafnhildur greinilega að gap hafi verið á fræðslu á milli drengja og stúlkna. Árið 1880 voru síðan sett ný lög þar sem kveðið var á að börn skyldu læra bæði skrift og reikning undir eftirliti presta (Hrafnhildur Schram, 2005). Á ofanverðri 19. öld voru gerðar nokkrar tilraunir til þess að koma skikkan á fræðslumál þjóðarinnar sem áttu að vera í umsjón presta og kirkju en þær báru ekki tilætlaðan árangur. Menn skiptu sér í tvær fylkingar, annarsvegar voru það þeir sem vildu viðhalda gamla bændasamfélaginu og hins vegar þeir sem studdu vaxandi þéttbýlismenningu þjóðarinnar og það ólíka menningarlega misgengi sem var að setja svip sinn á allt þjóðfélagið (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 14). Um þetta leyti áttu sér stað þjóðfélagsbreytingar á Íslandi í kjölfarið aukinnar sjálfsstjórnar. Þorpin urðu stærri og það fór að gæta erlendra áhrifa í æ ríkari mæli. Gamla bændasamfélagið var að líða undir lok og fólkinu að fjölga sem fluttu sig úr vistarböndum og í þorpin (Hrafnhildur Schram, 2005).

Í skýrslu Guðmundar kom fram að í kaupstöðunum höfðu heimamenn hlotið styrki til þess að stofna skóla en í dreifbýlunum var farkennsla viðhöfð ásamt heimafræðslu. Þar ferðuðust kennarar á milli bæja og börnin komu saman eftir því sem aðstæðu leyfðu (Guðmundur Finnbogason, 1994, bls. 15). Af þessu má skilja að gjá var að myndast milli dreyfbýlis og þéttbýlis þegar kom að fræðslumálum Íslendinga. Ef fræðsla hefur verið á höndum heimamanna sem féll þá undir alþýðumenntun og sýnir stöðu menningar- og félagslegs umhverfis barnanna, hverjir voru þá þessir eiginlegu fræðarar og hvernig færðu

börnin sér fræðsluna í nyt? Erla Hulda Halldórsdóttir hefur tekið saman umfjöllun um *Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum* í tímaritinu *Sögu*, (2013) nefnir hún hugtakið læsisiðkun og á við hvernig almenningur gat fært sér í nyt lestur og skrift til hversdagslegrar notkunar (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2013, bls 58).

Hugtakið læsisiðkun (e. vernacular literacy practices) kom fram árið 1998 þegar David Barton og Mary Hamilton kynntu til sögunnar rannsóknir á skriftarkunnáttu. Þau greindu og unnu út frá kenningum um læsi (skrift og lestur). Kenningarnar byggðu þau á rannsókn á ensku bæjarfélagi á ofanverðri 19. öld þar sem þau rannsökuðu ytri formgerð samfélagsins og athafnanna að lesa og skrifa með hagnýtingu í huga. Í stuttu máli þá kemur það fram að hagnýtingin fólst í, skipulagningu daglegs lífs, persónulegum samskiptum í formi bréfaskrifta, sendibréfum og fleiri skrifum, tómstundargamni eins og að lesa bækur, skrásetningu dagbóka, æviminninga, lestri hjálparbóka, trúarrita og félagslegri þátttöku (Erla Hulda Halldórsdóttir, 2013, bls. 59).

Guðrún Ingólfsdóttir rannsakið gömul handrit til þess að varpa ljósi á tilurð þeirra og byggingu. Hún skoðaði handrit frá 18. öld með það í huga að gömul heimsmynd væri að hverfa og ný að taka við, handrit þar sem mjög fjölbreytilegu efni ægir saman. Hún kallar þess konar efni syrpur. Nafnið á vel við, en hvað höfðu þessa syrpur að geyma? Rannsóknin tók mið af ólíkri menntun manna og hvort það hafi áhrif efnisval og form þeirra. Hvaða tilgangi þær þjónuðu syrpurnar? Hver var menning alþýðunnar (alþýðumenning) (e. popular culture) en það hugtak lýsir menningarheimi alþýðufólks. Peter Burke útskýrir hugtakið þannig „The best defined initially in a negative way as unofficial culture, the culture of the non-eliter” það er að segja menning þeirra sem ekki tilheyrðu í elítunni (Guðrún Ingólfsdóttir, 2011). Menning, húsvökur og kvöldvökur skiptu máli í menningarlíf þjóðarinnar. Guðrún talar um uppskriftarstarf sem fylgdi í kjölfar aukinna samskipta sem tóku að blómstar á Íslandi á 17. öld. Þá voru gömul handrit skrifuð upp af óskólagengnum skrifurum, til dæmis skýringar á fornu máli, kveðskapur, annálar og sagnaritun ásamt fræðilegri umfjöllun og lögum, en menntamenn söfnuðu þessum handritum þar sem þeir höfðu menntunina og þekkinguna.

Rannsóknir Guðrúnar sýna að alþýðufólk og konur átti ekki kost á skólagöngu, en grundvölluðu þekkingu sína á því sem var kallað almanakshefð. Hún var snemma hluti af menntunnaþróggammi almennings og kvenna. En hvað eru þessa syrpur? Syrpur eru ósamtæður sundurlaus samtíningur og ólíkur öðrum miðaldahandritum. Þær geyma fjölbreytt efni en um þau eru notuð hugtök eins og alfræðirit (l. encyclopediae), safnrit (l. compendiae), eða úrval eða sýnisbækur (l. florilegia). Í alfræðiritunum má finna allan fróðleik um veröldina í ákveðinni röð, safnrit geyma alfræðilegar ritgerðir og sýnisbækur og úrvöl eru útdrættir úr lengri verkum. En aftur á móti þá er samtíningur, reytingur,

tíningur, samsull eða blöndur úr ýmsum áttum neikvætt þar sem af því megi ráða að ekki liggi heildstæði hugsun að baki efnisskipaninni og því sé tilgangurinn óljós.

Fólk safnaði ýmiskonar fróðleik eins og fróðleik um lönd og þjóðir, kristilegan lærdóm, siðferðilegt efni, samskipti kynjanna, dæmissögur og fleira. Sumar syrpuar hafa að geyma sjálfshjálparbækur um uppfræðslu barna. Þekking á umheiminum og siðferðilegur fróðleikur er og mun alltaf vera kjarninn í menntun hvers manns (Guðrún Ingólfssdóttir, 2011, bls. 262).

4.1 Handritarannsóknir

4.1.1 Þögnin mikla

Telja má að Íslendingar hafi fengið annað og meira í bókmenntaarf frá forfeðrum sínum en áður var talið. Fræðimaðurinn Matthew J. Driscoll hefur rannsakað gömul handrit með áherslum á efnislega textafræði (e. new philology), þar er gerður greinarmunur á nýlegum rannsóknum á gömlum handritum og eldri handritarannsóknum. Hann fjallar um fornar bókmenntir og fræðir lesendur um hvernig sami textinn gekk á milli manna og var endurritaður margoft. Upprunalega handritið var kannski búið að tapa stöfum eða heilu orðunum þegar upp var staðið. Spyrja má í kjölfarið hvað sé þá rétt handrit (Driscoll, 1997).

Í grein sinni „Þögnin mikla, hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum“ sem út kom í *Skáldskaparmálum* segir Driscoll að riddarasögur hafi verið vinsælt efni um allt að 700 ára skeið, frá 13. öld til loka 19. aldar. Hann segir riddarasögurnar vera tvenns konar, annarsvegar þýðingar og þá flestar úr frönsku og hinsvegar frumsamdar hér á Íslandi (Driscoll, 1990, bls. 157-158). Vinsældir þessara sagna voru miklar og sést það best á því að þær voru vel varðveittar í allt að 70 handritum og má þar nefna Nítíða sögu og er hún því vinsælasta allra íslenskra sagna fyrr og nú. Þess má geta að hún var aldrei gefin út á prentuðu máli heldur var hún endurrituð af alþýðu manna aftur og aftur. Staðreyndin er sú að þessar sögur voru ekki þær sögur sem bókmenntafræðingar töldu vinsælar hér á landi. Þegar lítið er til helstu yfirlitsrita um bókmenntir Íslendinga er lítið sem ekkert minnst á frumsömdu riddarasögurnar til dæmis. Afstaðan var skýr til þess konar bókmennta. Þær þóttu ófrumlegar og fátækleg smíði (Driscoll, 1990, bls. 159). Þessi orð, sem Driscoll hefur eftir Sigurð Nordal, hafa orðið að eins konar heilagri kennisetningu sem mjög oft hefur verið vitnað til, ásamt því að sögurnar séu tilgerðarlegar, hroðvirkislegar, tilfinningalegar og sýni málskrúð. Driscoll hefur komist að því með rannsóknum sínum að þótt talað sé að sagnaritun hafi svo til lagst af við siðbreytingu þá hafi menn haldið áfram að semja riddarasögur langt fram eftir öldum.

Flestar þessara sagna liggja ókannaðar og ólesnar í handritum víða um land. Þótti fræðimönnum þessar sagnir vera ómerkilegar? Driscoll telur að einskonar miðaldadýrkun hafi einkennt áhugasviðið og þá gagnvart prentuðum bókum og skinnhandritum og um leið hafi fordóma gætt gagnvart pappírshandritum vegna þess að þau gætu ekki haft textafræðilegt gildi. Hann segir að þróun sagnaritunar sé í raun hægt að skipta upp í nokkra hluta. Sigurður Nordal gekk út frá því að sagnaritun á Íslandi hafi náð hámarki um miðja 13. öld og þá með verkum Snorra Sturlusonar og Njálu, hann talar um „vundu“ Íslendingarsögurnar, þær munu hafa verið samdar á hnignunarskeiðinu undir áhrifum frá riddara og fornaldarsögum og svo um „betri“ Íslendingarsögur (Driscoll, 1990, bls. 160). Þá má nefna að blómaskeið sagnaritunar var á þjóðveldisöldinni og á eftir það fylgdi bókmenntaleg hnignun.

Með sjálfstæðisbaráttunni kom endurvakning á bókmenntaarfi Íslendinga og þá hentuðu riddarasögurnar ekki sem hluti af menningarsögu þeirra. Því var best að gleyma þessum arfi sem Íslendingar yljúðu sér við um aldaraðir (Driscoll, 1990, bls. 161). Íslendingarsögurnar þóttu bera með sér hreinan og tæran stíl. Stíllinn sem einkenndu þýddu riddarasögurnar þótti hægverskur en aftur á móti þóttu frumsömdu riddarasögurnar tilgerðarlegar og vellukenndar (Driscoll 1990, bls. 163). Driscoll veltir því fyrir sér hvers vegna þessi umbylting hafi orðið, þjóð sem þótti rísa hátt í frásagnarlist miðalda hafa allt í einu orðið svo smekklaus. Spyrja má um hvað þessar sögur sem bárust hingað til lands hafi verið, hvort ætla megi að sögurnar endurspegli viðhorf lærdra manna til þess hverjir skipuðu sess í íslenskum bókmenntum og hvort hægt sé að nota það sem mælikvarða á samfélagið?

4.1.2 Riddarasögur og virðing kvenna

Aðalheiður Guðmundsdóttir fjallar um riddarasögur í ritstýrðr grein sem ber heitið „Af betri konum og bóndadætrum, um stéttbundna misnotkun kvenna í fornaldarsögum og öðrum afþreyingarbókmenntum miðalda“. Í greininni varpar hún ljósi á viðhorf íslenskra miðaldabókmennta til kvenna í gegnum fornaldarsögur Norðurlanda og þýddar riddarasögur. Aðalheiður segir að stéttaskipting skipti miklu máli þegar þessar sögur eru skoðaðar. Tignar konur nutu töluverðrar meiri virðingar heldur en óbreyttar bóndadætur. Þá sé mikil munur á fornaldarsögum og riddarasögum þegar kemur að virðingu gagnvart konum og fullyrðir Aðalheiður að skilgreina megi viðhorf til kvenna í fornaldarsögnum sem „fámuna kvenfyrirlitningu og ofbeldi“ á meðan til dæmis franskar riddarasögur fjalli um ást í meinum og svo þær hindranir sem verða á vegi elskaenda. Kvenkyns hetjur eru kurteisar hjarthreinar, fríðar og af góðum ættum (Aðalheiður Guðmundsdóttir, 2010). Aðalheiður telur að landinn hafi hrifist af þessum miðevrópsku riddarabókmenntum því

Þegar gömul handrit eru skoðuð kemur í ljós að Íslendingar skrifuðu upp þessar sögur og geymdu í handritum langt fram eftir öldum.

Þá er ekki úr vegi að skoða virðingu kvenna út frá stöðu þeirra í samfélaginu, höfðu þær til dæmis kost á að fá prentuð ljóðin sín opinberlega eða voru það frekar þeir sem hlotið hafa menntun og sinntu embættisskyldum þjóðarinnar sem áttu kost á því. Telja má að menntunin hafi ráði því hverjir fengu ljóðin sín birt og hverjir ekki. Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur er merkileg því hún lýsir sögu alþýðukonu sem fékkst við að skrifa en fékk fyrir vikið ákúru af hendi samferðamanna.

4.1.3 Sagan af fátækri alþýðukonu

Í nýlegum rannsóknum á gömlum handritum hefur komið í ljós að miklu meira er til af efni eftir konur frá fyrri tíð heldur en áður var talið. Guðný Halldórsdóttir sagnfræðingur hefur unnið margvísleg verkefni tengt gömlum handritum. Hún stundar nú doktorsnám í sagnfræði við Háskóla Íslands þar sem hún rannsakar sjálfsmynd íslenskra kvenna. Í bókinni *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur* (2013) eftir Guðnýju segir hún rannsóknir sínar hafa leitt í ljós að ástæða þess að svo fá handrit hafa varðveist eftir konur megi beinlínis rekja til þess hvernig gömul handrit voru skráð niður. Þegar handrit kom til skráningar inn á safn hafi verið farið eftir ákveðnum reglum í vísindum og fræðum en í ljós kom að hugmyndaheimur 20. aldar manna hafi tekið mið af þjóðernislegri umræðu og verið heimur menntaðra yfirstéttar sem í raun ákvað hvað skyldi varðveitast og hvað ekki. Því endurspegli handritaskráningarnar hugarheim sem tilheyra körlum en ekki konum. Guðný heldur því fram að vegna þessa þá hafi sögu „merkra karla“ verið haldið á lofti en ekki sögu kvenna. Konurnar voru ekki nefndar á nafn heldur kenndar við maka, syni, feður eða afa. Því hefur verið erfitt um vik að finna heimildir flokkaðar undir nafni viðkomandi kvenna (Guðný Hallgrímsdóttir, 2013, bls. 11). Sem dæmi má nefna að Guðný þurfti að hafa mikið fyrir því að finna efnið um Guðrúnu Ketilsdóttur og um leið að skilja hvernig best væri að nálgast það í handritum sem varðveitt eru í handritasöfnum. Hún nefnir að *Páll Eggert Ólason* (1883-1949) fræðimaður hafi tekið saman þrjú aðalbindi handrita sem eru í varðveislu Landsbókasafnsins en hann vann við Landsbókasafn Íslands frá árunum 1906-1922. Hann mun hafa unnið við skráningar handritanna í hjáverkum vegna áhuga hans á sögu og menningu (Guðný Hallgrímsdóttir 2013, bls. 26). Þá kemur fram að Guðrún lét skrá niður ævisögu sína, þá komin fast að níraðisaldri, og þess vegna hafi saga hennar varðveist. Aðrar heimildir um Guðrúnu, fann Guðný til dæmis í sóknarmannatölum og húsvitjunarbókum. Þá eru til heimildir um ferðir hennar um sveitina úr dagbókum Ólafs Eyjólfssonar skrifara og sýslumanns á Grund. Sjálfævisaga Guðrúnar hefur fundist í allt að þremur handritum á Landsbókasafninu sem og í bókinni *Grímu* (1929).

Í formála *Grímu* sem Jónas Rafnar ritar kemur fram að athugasemdir eru gerðar við frásögn Guðrúnar og sjálfsævisögu hennar og orðfærið talið vera hispurslaus og klúrt. Þá kemur fram að ritari hafi reynt að hefла þau orðljótu orð sem komu fyrir í sögunni. Þá nefnir Guðný að safnendur handrita og skrásetjara munnlegrar frásagna hafi stundum breytt þeim en passað sig á að raska hvorki stíll né efni. Stundum hafi þeir flaskað á því að hlusta á sögunnar fyrst og ritað síðan niður með eigin orðum á eftir (Guðný Hallgrímsdóttir 2013, bls. 22-23). Guðrún Ketilsdóttir sem fædd var árið 1759 að Sámstöðum í Eyjafjarðarsveit hlaut tilsögn og uppfræðslu í foreldragarði. Svokallaðar ungdómsskrár voru bækur sem prestar skráðu til þess að fylgjast með kunnáttu barna í sveitunum. Skrár þessar voru ýmist kallaðar sóknarmannatöl ungdómsskrár, sóknarmannatöl ungdómsins eða sálnaregistor ungdómsins og þar er hægt að finna nöfn þeirra barna sem presturinn fylgdist með. Við nafn Guðrúnar er ritað árið 1766 að hún hafi kunnað Catechismus vel eða cat. (í skammstöfun prestsins). Síðan var liðurinn *fleira* sem táknaði þá að Guðrún hafi kunnað fleiri vers, bænir, spurningar og Passíusálmana. Guðný nefnir að á heimili Guðrúnar hafi ekki verið skortur á prentuðum guðsorðum því að á bænum voru til alls 20 slíkar bækur (Guðný Hallgrímsdóttir, 2013, bls. 54-55).

Guðný hefur með nákvæmum rannsóknum sínum á gömlum handritum endurvakið sögu fátækrar alþýðukonu á Íslandi. Sagt sögu hennar og kollvarpað gömlum hugmyndum um að lítið sem ekkert hafi verið til eftir konur í gömlum handritum. Kveðskapur kvenna hefur varðveist að einhverju leyti í gömlum handritum. Lítið hefur varðveist af kveðskap frá konum í sagnadönsum en aftur á móti þá eru vinsældir Rósu Guðmundsdóttur (Vatnsenda-Rósu) miklar. Kveðskapur hennar hefur varðveist nokkuð í gegnum tíðina ásamt nokkrum annarra skáldkvenna eins og Siggju skáldu, Látra-Björgu og þeirra Ljósavatnssystra. Allt eru það skáldkonur sem upp voru á 18. öld. Spyrja má hvort skáldkonur 19. aldar hafi sótt fyrirmyndir sínar til þeirra eða þekktu þær ekki skáldskapinn? Má kannski finna ræturnar annarsstaðar?

5 Um afdráttarlausan kveðskap kvenna fyrr á öldum

Í bókinni *Skáldkonur fyrri alda* eftir Guðrúnu P. Helgadóttir sem var gefin út af Kvöldvökuútgáfunni árið 1961 segir að frásagnadansar geymdust með þjóðinni í langan tíma og að þeir væru náskyldir öðrum norrænum dönsum. Þekktur er sagnadansinn. *Önnur var þá öldin / er Gaukur bjó í Stöng / þá var eiti Steinastaða / leiðin löng* (Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls 57)

Sagnadansar fjalla líka um líf kvenna og konur gengdu stóru hlutverki í atburðarás þeirra. Þar má finna ofbeldi gagnvart konum, forboðnar ástir, nauðgun, sífjaspell, dulmál og barnaútburður og ekki síst samstöðu og vinátta kvenna. Í gömlu kvæði „Af Margréti og Eilíf“ er Margréti nauðgað af bróður sínum, hún yrkir „Reif hann hennar stakkinn, / reif hann hennar serk. / Áður hann gat framið / það syndsamlega verk.“ Bróðir hennar biður hana að þegja og bera leynt sitt „mein“ (Helga Kress, 2001, bls. 20).

Konur ortu um trega (tregaróf) undir danskvæðahætti, hér harmar kona aðskilnað frá unnasta sínum: „Bægt var mér frá blíðum hjörva runni / lifi eg ei svo langa stund / að líði hann mér úr hyggju grund / fyrir elsku fund / þar er það angur mér aldrei gengur úr hjarta / fyrir auðar lundinn bjarta“ (Helga Kress, 2001, bls. 21). Í öðru danskvæði frá miðri 16. öld er sagt frá píski milli tveggja kvenna sem skopast að ónýtum karlmanni „Í Eyjafirði upp á Grund á þann garðinn fríða / hefur bóndinn búið um stund sem börn kann ekki að smíða“ (Helga Kress, 2001, bls. 22). Þá væri óvíst að vísan hefði varðveist nema fyrir þá staðreynd að skáldkonan var dóttir Jóns Arasonar biskups.

Skemmst er frá því að segja að kirkjan var á móti sagnadönsum og tókst að kveða þá niður. Guðbrandur Þorláksson biskup (1542-1627) gaf út vísnaðbók árið 1612 með veraldlegum skáldskap til þess að vega upp á móti sagnadönsum. Hann fékk þekkt skáld til að yrkja í bókina og var engin kona þar á meðal. Í ritinu „*Skáldkonur fyrri alda*“ segir Guðrún P. Helgadóttir að algengt hafi verið að skáldskap kvenna hafi verið gerð lítil skil í handritum enda ekki gert ráð fyrir því að konur gætu verið skáld. Telja má að sagnadansarnir hafi haldið áfram í munnlegri geymd en bara án dansanna langt fram eftir öldum. Þá má spyrja sig að því hvort minna hafi borið á konum sem yrkjendum eftir að Guðbrandur þaggaði niður dansana og að kveðskapur kvenna hafi ekki verið samboðinn drottins orðum.

Háðvísur voru algengar á Íslandi fyrr á tímum. Sagt var að til forna hafi menn frekar viljað láta lífið með sæmd heldur en að missa orðspor sitt. Guðrún P. Helgasdóttir segir það hafi verið sett í lög að ekki mætti yrkja vísur um ólvildarmenn sína og það varðaði

skóggangi ef menn ortu vísur þar sem skopast var af öðrum, eða ef einhver hafði yfir slíka vísu (Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 97).

Í bók Helgu Kress *Stúlka* kemur fram að kveðskapur ríflega 200 kvenna hafi varðveist á prenti frá árinu 1876-1995. Mismunandi er auðvitað hversu mikið liggur eftir hverja og eina konu. Bókin er full af fróðleik um hagi þeirra kvenna sem ortu sér til dægrastyttingar. Rannsóknin birtist ekki síst í því að skoða fornan kveðskap kvenna til þess að beina sjónum að háði, spotti og kaldhæðni kvennanna í því samfélagi sem þær voru sprotnar upp úr. Í fornum skáldskap kvenna má greina tvo meginstrauma. Annarsvegar grát og tregaróf þar sem konur harma hlutskipti sit tog svo hinsvegar hlátur og skop, sem beinist þá einkum að karlmönnum. Helga segir að greina megi samskonar strauma í ljóðum kvenna enn þann dag í dag (Helga Kress, 2001, bls. 40). Hér á eftir verða nokkra skáldkonur 18. aldar skoðaðar og ljóð þeirra greind með því að draga fram þær staðreyndir að konur ortu afdráttarlaust um samferðamenn sína. Ljóðin eru allt í senn alþýðuleg, blátt áfram og hreinskilin.

5.1 Kveðskapur 18. aldar kvenna

Fyrst ber að nefna Sigríði Jóhannsdóttur (látin 1777)hún er talin hafa ort ljóðið „Geðfró“. Ljóðið fjallar um baráttu hins góða og illa um völdin í sálu kvenmanns sem heimurinn hefur haft að háði og spotti. Sigga skálda eins og hún var kölluð biður Krist um áheyrn af því að gin djöfulsins vilji gleypa konuna og senda út í ysta myrkur. Afrit af kvæðinu eru geymd í mörgum handritum Landbókasafnsins til dæmis í Lbs. 1276 4to.

Geðfró

Faðir, sonur og friðarins andi,
fyrst eg beiði þig.

Náð þín yfir mér stöðugt standi,
styrk, þú, drottinn, mig.

Náðugi guð, í nafni þínu,
neyð so verði kvitt,
nú skal varpa út neti mínu
í náðardjúpið þitt.

Fyrst þú hefur einn fyrir alla,
angurs þolað þín,
aum manneskja, eg því kalla
upp í dýrð til þín.

Alþýðu manna varðveitt þetta ljóð hennar Siggú með því að endurskrifa það upp aftur og aftur. Ljóðið er allt 73 erindi og trúarlegs eðlis og eins og segir „telja margir, að hún kvæði það móti galdraásókn eða sendingu“ kvæðið hefur varðveist í uppskriftum í all mörgum handritum sem sýnir vinsældir þess en var aldrei sett á prent (Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 43).

Skáldkonan Látra-Björg (1716-1784) er afdráttarlaus þegar hún skopast að samferðamönnum sínum. Það má til dæmis sjá í þessum lausavísum sem varðveist hafa eftir hana. Kvæðin hennar eru varðveitt meðal annars í JS 29 4to. Háðið leynir sér ekki.

Ónýtur bóndi, ónýt mæ
ónýtum bænum réð.
Ónýt börnin þeim eru kær,
ónýtt vinnufólkið,
ónýtur hestur, ónýt ær,
ónýtt er kýrgreyið.
Ónýtur smali eltir þær
ónýtum hundi með.

„Slíkt má ei líðast lengur“,
lystug svaraði menja brú.
„Hver ólukkinn að þér gengur?
Ofan í pottinn veður þú.
Grautnum svo gjörir stela
með gráðugri þjófa hönd,
í maganum muntu hann fela,
mér sýnast efnin vönd.
Gunnar og Egill ekki
úr þínum éta klóm,
seims runna svo eg þekki,
sjáðu nú hér minn dóm.

(Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 72-73)

Þessi ljóð eru mjög ólík kveðskap kynsystra hennar sem ortu um aldamótin 1900. Hreinskilnin einkennir kveðskapinn og er hann allt að því dónalegur. Ljóðin eru sprenglæglegt aflestrar og ég velti því fyrir mér hvernig samtíðarfólki hennar hafi liðið undir þessum beinskeittum aðdróttunum.

Þær Ljósavatnssystemarnar Rut og Júdit Sigurðardætur þóttu háðskar í meira lagi um þær segir meðal annars að þær systur ásamt bróðir að þau hafi verið skáldmælt en níðská og

níðfengin í senn. Rut eignaðist Guðmund hreppstjóra í Kaupangi fyrir mann þegar hún var tuttugu og tveggja ára en hann stóð þá á sextugu. Þau áttu það til að kasta vísur hvort í annað og segir sagan að Rut hafi einhverntímann kallað mann sinn keytukopp. Þær systur eru nokkuð frjálslýndar í kveðskapnum. Í bókinni *Skáldkonur fyrri alda* eru þessar vísur eignaðar báðum Ljósavatnssystrunum.

Úr sóknarsálmí Ljósavatnssystra

Tómas á Rauðá trúí eg sé
í túlanum mesti fullhugi,
innastvið altarið situr sá,
syngur fallega gloría.
Parruk brúkaði plátu Þór,
pestina þegar fyrir sór.

Á Úlfsbæ búa bræður tveir.
báðir kolsvartir eru þeir.
Sigmundur sá hinn eldri er,
en þann yngri Jón nefnum vér.
Nýlega giftist njótur stáls,
nokkuð er honum stirt til máls.

Á Axará býr einn ærumann,
allir kalla vel þokkaðan.
Tómas er nefndur törgu ver,
tíðum sem ketið útbýtir.
Konan hans Guðný kynnt er sé
komin af Sturluættinni.

Á Ljósavatni bý geira grér,
gestunum sá sem beina lér.
Af seggjum nefndur Sigurður,
sá var hreppstjóri kallaður.
Embætti hefur hann af sér lagt.
Ei get eg meira frá honum sagt.

(Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 105-106)

Systurnar létu menn heyra það og voru ekkert að skafa utan af því hvað þeim fyndist um þá. Menn eru hafðir að háði og spotti og skemmtilegt að hugsa til þess að vísurnar þeirra hafi varðveist sem skyldi kannski vegna þess að landsmönnum hafi verið nokkur skemmtun af þeim.

Konur áttu stóran þátt í að varðveita og skapa sagnadansa ekki síður en karlar. Þjóðkvæði, vikivaka, þulur, langlokur, lausavísur, vögguvísur, barnagælur ásamt stefnum úr þjóðsögum og ævintýrum. Takturinn sem spunninn er líkist því að róíð sé með barn í fanginu.

Rósa Guðmundsdóttir (1795-1855) er best kunn af þeim skáldkonum sem uppi voru á 18. öld á Íslandi. Vísur hennar hafa lifað með þjóðinni þó svo að lítið sé til af þeim í handritasöfnum. Kvæði hennar hafa varðveist til dæmis í JS 83 8vo. Í bókinni *Skáldkonur fyrri alda* segir að ef flett er upp í handritaskrámi komi aðeins í ljós tvö ljóðabréf og sundurlausar vísur og að það sé aðeins brot af þeim skáldskap sem henni sé eignaður (Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 111). Vísur Rósu þóttu ekki bera með sér ádeildur á samferðamennina hennar en hún kunni að svara fyrir sig á snjallan og hispurslausan hátt. Þetta orti hún þessar vísur er hún var sökuð um hórdóm:

Manna dómur varla var
vægur nöfnu minni.
Um æðri hjálp sá ákallar,
áheyrn trú eg finni.

Lét minn herra leiða af sér
líknarorð að vana:
„Sá hver yðar, sem að er
syndlaus, grýti hana“

Synda hrísið særir hart
seka mig án efa,
guð er vís, þó mein sé margt,
mér að fyrirgefa.

Rósa lætur ekki hjá líða að svara ásökunum í hennar garð er hún elur barn með Natani Ketilssyni utan hjónabands. Hún er kærð fyrir og játar á sig hjúskaparbrot. Vísurnar sýna tóninn sem hún sendi þeim sem dæma. Hún er óhrædd við að láta fólkið heyra. „Sá hver yðar, sem að er / syndlaus, grýti hana“ og næsta erindi „Synda hrísið særir hart / seka mig án efa /“ hér er Rósa ekkert að skafa utan af því að hún sé sek og svo „guð er vís, þó mein sé margt, / mér að fyrirgefa.“ Kannski fulllangt að segja að vísur þessar séu hispurlausar, nema að telja megí barnið sem fætt er utan hjónabands saklaust með öllu en verði algert fórnarlamb þegar Rósa yrkir vísurnar og því eru þær hispurlausar með öllu. Í næstu vísu er Rósa senda Natani bréf í ljóðaformi. Þar kemur í ljós hve beisk hún er þegar Natan sagði í sundur með ástum þeirra. Henni bregður allmikið við og óskar honum alls hins versta í lífinu.

Ljóðabréf Rósu til Natans (að hluta)

Sælu, bið eg, hljóttu hér,
hryggðin niður falli í strá,
sjáðu miðann, sem að þér
sendir iðuljósa gná.

Sjálfur veiztu eg þér ann,
eiða þarf ei leggja við.
Þér eg skildar þakkir kann
þitt fyrir síðast tilskriðið.

Um ógeðfelldu orðin þar,
út sem skipti höndin þín,
aldrei meiri undrun var
inntakandi sálu mín.

Hvernin gatzu, -- er það eitt
undrun stærstu gegnandi,--
sjálfur mér það sárið veitt,
sem ei græða ert megnandi?

Hver útbjó þig hreysti með,
er hafðir aldrei fyrri þú,
mig á lengdar svona séð
sárkvalda að fengir þú?

(Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 162-163)

Rósa er æf og í algjöru hispursleysi leyfir hún sér að yrkja til Natans með fúkyrðum. Hún segir „um ógeðfelldu orðin þar, / út sem skipti höndin þín, / aldrei meiri undrun var / inntakandi sálu mín.”

Líklega hefur þessi skáldskapur ekki þótt við hæfi þegar valið var efni í *Skólaljóð handa börnum* og er það kannski skiljanlegt. Hér eru ekki neinar heillræðavísur á ferðinni. En eins og áður sagði þá er ekki víst að handrit með kvæðum og vísum Rósu hafi verið komið í leytirnar um það leyti sem *Skólaljóðin* voru gefin út. Eins tel ég líklegt að þær skáldkonur sem ortu snemma á níttjándu öldinni, hafi ekki enn verið búnar að birta ljóð sín á opinberum vettvangi og því varhugavert að halda að þeim hafi verið úthýst úr *Skólaljóðunum*. Það er sömuleiðis forvitnilegt að bera saman skáldkonur á þessum tveim öldum og kanna bakgrunn þeirra örlítið.

6 Konurnar á bak við eldavélina

„Konan vill ekki vera lengur á bak við eldavélina“ (Ekki lengur bak við eldavélina, 2005). Fyrir ekki svo löngu féllu þessi sárgrætilegu orð af vörum þáverandi landbúnaðarráðherra Guðna Ágústssonar. Það sem Guðni hefur eflaust átt við er að konan vill ekki vera bundin við eldavélina. Guðna ratast þó frekar réttilega á munn um konuna á bakvið eldavélina vegna þess að sá sem er á bak við eldavél getur sig lítið hreyft sig eða athafnað. Það að sinna æðri verkum eins og vera skáld eða gefa út verk eftir sig var ekki á herðum kvenna, þær áttu að sjá til þess að heimilishaldið gengi vel fyrir sig. Hver getur sinnt skálddagiðjuni rígfastur á bakvið eldavél? En það er rétt hjá Guðna, konan vill ekki vera lengur föst við eldavélina og það sem meira er hún hefur aldrei viljað það. Löngun kvenna til þess að tjá tilfinningar sínar og sorgir er þeim í blóð borið og með pennann að vopni hvöttu þær aðrar konur til þess að láta heyra í sér.

Breytingar voru í aðsigi. Ekki bara það að konur voru að menntast og eflast heldur vildu þær taka þátt í mótun nýs samfélags. Hvað sem leið hugmyndum manna um hið mikila skáld nýrómantíkunnar þá gátu konur ort líka.

Árið 1915 var merkilegt ár í sögu kvennahreyfingarinnar því þá fengu konur takmarkaðan kosningarétt til Alþingis. Við hátíðarhöld á Austurvelli voru sungin tvö kvæði annað eftir Guðmund Magnússon (Jón Trausta) (1873-1918) og hitt eftir Maríu Jóhannsdóttur (1886-1924). María var virk í kvenréttindafélaginu og skrifaði bæði sögur og ljóð. Ljóðin hennar voru trúarlegs eðlis. Í kvæði hennar sem flutt var við hátíðina biður hún drottinn að leiða konur áfram í baráttunni og um leið að hjálpa þeim að gleyma sorgum og þjáningum liðinna alda (Kristín Ásgeirsdóttir, 2007). Önnur skáldkona ljáði baráttunni lið, Ingibjörg Benediktsdóttir (1885-1953) hún kenndi hreinlæti, matargerð og meðferð fatnaðar við Kvennaskólann á Blönduósi árið 1910-1912.

Ingibjörg hafði greinilega meiri metnað fyrir hönd ungra kvenna, hún orti mörg ljóð sem innihéldu sagnir um þrotlaus störf sem konur hafa innt af hendi í gegnum aldirnar og hún kemur inn á það að konur sáu um uppfræðslu og kennslu. Þær sáu um kennslu í því að lifa af í hörðum heimi, hvernig það er að missa börn sín eiginmenn og aðra nána fjölskyldumeðlimi. Ingibjörg orti:

Göfgar konur gengu að starfi,
guldu hlut af systurarfi
svönnum þeim sem þráðu heitast
þrek í lund og sól í bæ.
Kennt þær hafa í máli, myndum,
miðlað, veitt af þroskalindum.
Fjærst til stranda, fram til dala
farsæl áhrif geymast æ.

(Ingibjörg Benediktsdóttir, 1938)

Ingibjörg er hér að yrkja til kvenna, ljóðið segir í örfáum orðum hvað konur hafa kennt hverri annari í gegnum tíðina og borið þannig arf sinn á milli kynslóða og það sem er svo fallega orðað „kennt þær hafa í máli, myndum / miðlað, veitt af þroskalindum. Í ljóði sínu „Ævintýri lífsins“ fjallar hún um einhvern sem lendir í stærsta ævintýri lífsins, ævintýri þar sem örlögin koma við sögu. Hún segir að lífið sjálft sé uppfyllt af þannig sögum og þá eigi allir slíkar sögur þó í mismiklu mæli sé. „Lífið sjálft á sögur nógar / semur þær á hverjum degi. / Allir, sem þú umgengst, hafa/eitthvað slíkt í vitum sínum.“ (Ingibjörg Benediktsdóttir, 1938). Ingibjörg fer varlegum orðum um ævintýrin, það gætir ekki hispursleysi í þeim en hún veit að þau snerta hjartað djúpt. „Viðkvæm ef þau aðra snerta / opin sár, er blæða í leyni.“ Hver og einn getur samt gert sér í hugarlund þá raun og þá sálarangist þess sem í lendir. Ingibjörg er varfærin þegar hún velur hvert orð í ljóðið, eins og hún vilji ekki vekja upp sárar tilfinningar þeirra sem lesa ljóðið, heldur setur fram af einstakri kurteisi og príðmennsku.

Ævintýri lífsins

Ertu' að leita að ævintýrum
aðeins hér í þessum skræðum?
Lífið sjálft á sögur nógar
semur þær á hverjum degi.

Allir, sem þú umgengst, hafa
eitthvað slíkt í vitum sínum,
hver og einn á sína sögu
sumt eru aðeins lausir drættir.

Allt í kringum ævintýri,
augljós sum, en fleiri dulin.
Dagleg atvik oft þau sýna,
en þó sjaldan niður í kjölinn.

Sástu'ei roða rétt sem snöggvast
renna um þessa fölu vanga?
Línu, skráða logarúnum,
Lífsbókin þar óvart sýndi.

Ef við gætum leitrið lesið,
lífið ætti margar sögur,
ævintýri einnig þeirra,
er oss finnst við þekkja náíð.

Ævintýri í ýmsum myndum,
örlaganna duldu þættir,
viðkvæm ef þau aðra snerta
opin sár, er blæða í leyni.

Ævintýri' er aðra hneyksla,
óskiljanleg þeim, sem heyra.
Kynlegt samt þér færra fyndist,
fengirðu' aðeins skyggnzt þar dýpra.

Ævintýri' á alla vegu,
undarlega saman vafin.
Taktu mjúkt á þessum þáttum,
þú veizt ei, hve djúpt þeir liggja.

Undarlegu ævintýri,
engum gleymd, sem lifað hefir!
Sum eru hýrir sólskinsblettir,
svo eru önnur hljóðir skuggar.

Lífið á það allt og – geymir
ævintýrasafn mikla.
Sagan þín þó sýnist lítil,
samt er hún þar ein af mörgum.

(Ingibjörg Benediktsdóttir, 1938)

Greinileg skil eru sjáanleg á kveðskap Ingibjargar og kveðskap 18. aldar kvennanna. Skáldið yrkir ekki beint til einhvers ákveðins aðila eins til dæmis Rósa Guðmundsdóttir gerir. Ingibjörg lyftir huganum á listrænt plan og textinn gæti á átt við hvern sem er, sem líka hefði getað lent í vondum málum eins og Rósa. Ingibjörg yrkir „Ævintýri“ er aðra hneyksla“ en Rósa yrkir „Um ógeðfelldu orðin þar“.

Önnur skáldkona orti kvæði er kallast „Tófa“ kvæðið er ort undir danssagnahætti og því er viðlagið alltaf það sama „Leggjum land undir fót / á Danamót, og dans vill hún heyra“ en ljóðmælandinn Tófa segir frá því á hispurslausan og sársaukafulla hátt að hún hafi orðið fyrir ofbeldi af hendi pilts er Björn hét á dansleik þar sem lítið ævintýri fór allverulega úr böndunum. Tófa var beitt ofbeldi af verstu gerð og verður þunguð af tvíburum sem hún þarf síðan að bera út „Ól hún barn við Birni / Ól hún eitt og Ól hún tvö.“ Tófa veit hún getur ekki alið börnin upp og þarf að bera þau út, annað grefur hún en hitt vefur hún í silkiklút og ber út á víðavang. Hrafninn í kvæðinu kemur barninu til hjálpar og flýgur með það til föðursins. Angist móðurinnar er djúp og tilfinningaþrungin, hér er ekki ort undir rósum heldur er frásögnin bersöguleg og hispurslaus.

Tófa

Tófa situr inni,
 leggjum land undir fót,
 Ól hún barn við Birni,
 á Danamót,
 og dans vill hún heyra.

Hrafninn flaug svo víða,
 leggjum land undir fót,
 þar sem skipin skríða,
 á Danamót,
 og dans vill hún heyra.

Ól hún eitt og Ól hún tvö,
 Leggjum land undir fót,
 Bæði kenndi hún Birni þau,
 Á Danamót,
 Og dans vill hún heyra.

Hrafninn sezt á siglutopp,
 leggjum land undir fót,
 hann var vanur að koma þar oft,
 á Danamót,
 og dans vill hún heyra.

Hún þorði ekki að fæða,
 Leggjum land undir fót,
 Fyrir sakir bræðra,
 Á Danamót,
 Og dans vill hún heyra.

Hrafninn sezt á siglutré,
 leggjum land undir fót,
 felldi barn í greifans hné,
 á Danamót,
 og dans vill hún heyra.

Hún þorði ekki að týna,
leggjum land undir fót,
fyrir guði sínum,
á Danamót,
og dans vill hún heyra.

Það sé eg á þínum linda,
leggjum land undir fót,
þín kann móðirin barn að binda,
á Danamót,
og dans vill hún heyra.

Vefur hún barn í pelli,
leggjum land undir fót,
gróf það í grænum velli,
á Danamót,
og dans vill hún heyra.

Það sé ég á þínu höfuðgulli,
leggjum land undir fót,
þín er móðirin sorgarfull,
á Danamót,
og dans vill hún heyra.

Vefur hún barn í silkidúk,
leggjum land undir fót,
varpar því á stræti út,
á Danamót,
og dans vill hún heyra.

Það sé eg á þínum reifum
leggjum land undir fót,
þinn er faðirinn greifi,
á Danamót,
og dans vill hún heyra.

Þar flaug um einn villihrafn,
leggjum land undir fót,
greip upp það hið bjarta barn,
á Danamót,
og dans vill hún heyra.

Það sé eg á þínum lófa,
leggjum land undir fót,
þín er móðirin Tófa,
á Danamót,
og dans vill hún heyra.

Eins er með þetta danskvæðið það er eins og það sé einhver fróun hjá höfundi að koma á hreinskilin hátt skilaboðum til þeirra sem eru að stíga dansinn. Einskonar sáluhjálp og sátt höfundar við eigin harm. Þannig afdráttarleysi er með öllu horfið úr kveðskap kvenna þegar nær dregur 20. öldinni.

7 Ljóðagreiningar

7.1 Helga Pálsdóttir (1877-1973)

Það var síðla sumars að ég fékk fréttir af því að verið væri að safna saman ljóðum Helgu Pálsdóttur til útgáfu. Forvitnin kviknaði vegna þess að nafn hennar hafði ekki komið fyrir áður í rannsóknum mínum á íslenskum skáldkonum. Helga Pálsdóttir var fædd á Arngeirsstöðum árið 1877 og átti alla tíð heima í Fljótshlíðinni. Hún var vinnukona, ógift og barnlaus og lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi háöldruð árið 1973 þá á níugusta og sjötta aldursári. Ég tók hús á Ástu Þorbjörnsdóttir (f. 1958) bónda á Grjótá en hún hefur haft veg og vanda af því að safna saman ljóðum Helgu. Ásta sagði mér frá kynnum sínum af henni en þannig var að Helga kom að Grjótá sem vinnukona aðeins 17 ára gömul og dvaldi þar með hléum til dauðadags. Ásta man vel eftir Helgu sem var orðin fullorðin kona þegar hún fæddist, en Helga var hæglát og sat oft á rúmi sínu og þrjónaði fyrir heimilisfólkið. Þá vann hún við léttari heimilisverk á seinni árum. Ekki man Ásta þó eftir því að Helga hafi átt eitthvað við kveðskap á þeim árum, en þegar hún dó þá man hún eftir því að móðir hennar hafi farið með kassa sem innihélt skrifbækur, blöð og handrit frá Helgu til Þórðar Tómassonar í Skógum. Kassann varðveitt Þórður æ síðan og Ásta hafði grun um að hann geymdi kveðskap eftir Helgu. Ekki óraði þó Ástu fyrir því þegar hún fékk að líta í kassann á Skógum mörgum árum seinna að í honum leyndist svo mikið magn af dýrgripum í formi ljóða sem raun var. Í handritum þeim sem kassinn hafði að geyma mátti finna alls konar ljóð. Ljóð sem báru vitni um vel gerða konu sem var íhugul um samferðafólkið sitt sem og náttúru.

Ljóðin voru af ýmsum toga trúarljóð, erfiljóð, minningaljóð, sorgarljóð og ljóðabréf, málsháttaljóð, stökur og tregaljóð. Hún orti með ýmsum bragarháttum sem sýnir hversu vel lesin hún hefur verið. Helga orti erfiljóð til nágrannakonu sinnar Ingibjargar Hallvarðsdóttur frá Deild í Fljótshlíð (1834-1919). Ljóðformið minnir um margt á fornan bragarhátt. Ljóðið er í allt þrettán erindi, Helga yrkir fallega um nágrannakonu sína og hún veit að lífsbarátta hennar var erfið svo vægt sé til orða tekið. Ingibjörg og maður hennar höfðu jarðað átta börn sín af tíu og þarf hér ekki fleiri orð um þann napurleika sem slíkur missir hefur í för með sér. Helga setur fram með kveðskap sínum ógleymanleg orð af þeim hjónum sem með elju og dugnaði héldu áfram að lifa af æðruleysi og kannski ást til hvors annars eða eins og Helga yrkir: „Samhuga og samhent / í sorg og gleði / langan lífsveg / með list þau þræddu“. Þetta var ekki eina áfallið sem þau hjón gengu í gegnum því þau misstu líka dótturson sinn sem var þeim afar kær.

Fáir ná sjötíu
aldurs árum
áttatíu þeir
lengst er lifa
sorg og mæða
sýnast oft vera
kostugegustu
kjörin þeirra.

Hér finnst oss orð þau
eiga heima
hjá háaldraðri
heiðurskonu
er þreytt af erfiði
og þungum sorgum
og langvinnum sjúkdómi
lögst er til hvíldar.

Í húsi þessu við harm og gleði
hafði hún meira
en hálföld dvalið
ásamt með kærum
eiginmanni
er eftir lifir
ástvin besta.

Samhuga og samhent
í sorg og gleði
langan lífsveg
með list þau þræddu
og mögluðu ei
þó mótbyr þungan
einatt hreftu
að alvaldsráði.

Gleðisól einatt
þeim gjörði að myrkvast
þess getur hver nærri
er glögg veit hvað reyndu
á bak máttu líta
börnunum átta
því aðeins tvö lifa
eftir af tíu.

En síðast þruman
svo svall henni að hjarta
að afborið gat ei
þann ógna þunga
er dauðinn helgreipum
hörðum spennti
dótturson kæran
á drafnarbeði.

Þótt sofi hans lík
á sævarbotni
sálin hans ljómar
í sonar guðs örmum
er flutti hana
úr flóði dauðans
í friðarins höfn
til föðurhúsa.

Von er þótt öldungi
af augum hrynji
eldheit tár
með ástþrungnum harmi
er ástvini sína
sér árlega hníga
í faðmlög dauðans
en fá ekki að leysast.

Hann kveður þig fríða
framliðna kona
með titrandi tárum
og trega í hjarta
þakkandi ást
og umhyggju þína
og samfylgd góða
á nær sextíu árum.

Farðu svo blessuð
í frelsarans nafni
í friði guðs
til föðurhúsa
aftur hvar vonum
þig alsæla að líta
um eilíðfð þá
sem aldrei þrotnar.

Kveðja þig börnin þín
klökkum með huga
og fóstur börn þau
er forsjá veittir
og samhuga þakka
ástúð alla
elsku og tryggð
er ávallt þeim veittir.

(Ásta Þorbjörnsdóttir, munnleg heimild, 27. febrúar 2015)

Ljóðið endurspeglar ævi þeirra hjóna og Helga gefur þeim tón úr fortíðinni með því að yrkja undir fornum bragarhætti. Þetta er ekkert nýtt í meðförum skálda að bregða fyrir sér ólíkum háttum, Helga Kress rannsakaði líf og ljóð skáldkonunnar Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum þar er Guðný á svipuðum slóðum og Helga. Guðný og eiginmaður hennar séra Sveinn Níelsson eignuðust fjögur börn en misstu tvö af þeim. Soninn Jón Aðalstein og dóttur er Sigríður hét og voru þau bæði um eins árs gömul. Guðný yrkir til drengsins þrjú hjartnæm erindi er lýsa sorg hennar og notast við bragarhátt Hávamála. Í fyrsta erindi lætur Guðný soninn tala til fósturu sinnar: „Sé ég þig / syrgja mig horfinn / af döprum hug, / mín dýra fóstura.“ Í næsta erindin talar drengurinn til móður sinnar:

Þó að frammar
þér ég vildi
herma frá
högum mínum
máli jarðnesku,
má ekki það
skýra mig svo
að skiljir þú.

Í síðasta erindinu í erfiljóði Helgu til Ingibjargar bregður hún út af laginu og sýnir okkur hvernig hún rennir sér laglega inn í annað bragarform. Hér er hún á öðrum nótum er hún biður góðan faðir, Jesús Krist að gefa öllum þeim styrk á vegferð lífsins á þungri og biður hann um að víkja ekki frá þeim er andann dregur. Helga á ekki í vanda með að koma orðum að því að hugga aðra, hún skilur það að góður guð líknar þeim sem eiga um sárt að binda:

Góði faðir lið oss ljáðu
lífsins vegferð þungri á
á oss öllum aumur sjáðu
aldrei vík oss drottinn frá
styrk oss kærleiks kraftur þinn
kristur Jesús hvert eitt sinn
alla lát er ævin dvínar
andast fá í hendur þínar.

(Ásta Þorbjörnsdóttir, munnleg heimild, 27. febrúar 2015)

Yrkisefnin hennar Helgu er aldrei berorðuð eða hispurslaus þau bera vott um gott hugarfar, samkennd og skilning á samferðafólki sínu. Þá spegla þau samtímann vel er sést á því að ljóðabréfin hennar segja frá daglegu lífi samborgaranna, veðurfarið og öðru slíku. Fyrsta erindi í erfiljóðinu um Ingibjörgu eftir Helgu sýnir hve víðsýn hún hefur verið, hún veit hvert er hlutverk konunnar og staða hennar og um það yrkir hún á látlausan hátt: „Hver er hér til hinstu / hvíldar gengin / hver var staða / hvað var unnið / manns kona og móðir / og mætust amma / starfsöm húsmóðir / staðfastur vinur.“ (Ásta Þorbjörnsdóttir, munnleg heimild, 27. febrúar 2015).

Næst er vert að skoða heilræða- og málsháttarvísu úr ljóðabréfi eftir Helgu:

Óska ég styggðir last og lyggðir
lands frá byggðum snúi fljótt
en aukist dyggðir einnig tryggðir
angurs hryggð frá hverfi drótt.

Ekki er allt, sem glóir gull
gæfu valt er hjólið.
Forðast skaltu flærðar bull
falska kalt er hólið.

Farðu sæl til föðurlandsins heim,
þar færðu áður horfna vini sjá,
og meira að starfa Guðs í dýrðar geim,
gleði njóta Jesú sjálfum hjá,
mæta og hreina minning geymi ég þína,
meðan sólin skín á vegferð mína

Fóstra gaf mér fallett kerti líka
og dopulþrjónað pilsí þó
og pabbi nýja jólaskó.

Sigga gaf mér sokka bláröndóttu
dansaði jeg dável þá
og drósum bauð að líta á

Trúar og sannleiks hetja hrein,
Guðs heilaga orð oss kenndi,
hann bugaði ei tímans bylting nein,
þó bitrar hún örvar sendi,
í greipar dauðans því grátlegt er
þann gimstein að láta af hendi.

Fróm staðföst frjáls og gætin
fram gekkst í dyggð og trú
heims þér ei létu lætin
lífs þíns var stefna sú
þolgóð að vaka og vinna
verk þinnar köllunar
af hendi hvað eitt inna
til heilla og blessunar.

(Ásta Þorbjörnsdóttir, munnleg heimil 27. febrúar 2015)

Hér yrkir hún til ungra brúðhjóna, og leggur áherslu á að þau líti björtum augum til framtíðarinnar:

Brúðhjónin ungu
á björtu lífsins vori
sigurljóð sungu
með sívaxandi þori
fólu framtíð alla
forsjón Guðs til ráða
drengskap og dáða.

(Ásta Þorbjörnsdóttir, munnleg heimild, 27. febrúar 2015)

Guðrún Ingólfsdóttir túlkar brúðarkvæði í fyrrnefndri bók sinni, *Studia Islandica* en þar fjallar hún um til dæmis að við siðaskiptin hafi staða kvenna lítið breyst og í raun og veru hafi hún ekki breyst fyrr en með upplýsingunni með áherslu á hugmyndir Lúthers á móður- og húsmæðrahlutverkið sem og upphafningar á hjónabandinu. Þetta brot er úr brúðarljóði sem fannst í handriti Lbs 4209 4to og er frá 16. öld, sennilega er það eldra því það hefur fundist í fleiri handritum, það hljóðar svo: „Eilíf bölvan auðsýn er, / þar ósamþykki hjóna sér, / öbirgðarinnar allt upphaf, / er nú betra en aura kaf, / hreinhjartaður helst sá er, / sem hyggur ei annað en réttvíst er.” (Guðrún Ingólfsdóttir 2011, 225-226).

Á meðan Helga vill ungu brúðhjónunum allt það besta þeim til hoga um alla framtíð, óskar hún þess líka innilega að þau hafi þor og dug til þess að takast á við framtíðina í upphafi sambandsins. Vorið er myndlíking æskunnar og birtist í ljóðinu og hún biður Guð um að vernda og hafa forsjón með þeim. Hún veit sem er að baráttan er hafin og ekki veitir af að árna heil fylgi ungu brúðhjónunum. Seinna brúðarkvæðið er afdráttarlaustara,

þar er ekki verið að skafa utan af því, Eilíf bölván mun fylgja þeim sem ekki koma sér saman um hlutina. Ósamlyndi er ekki gott veganesti og ráðlegging þess sem ljóðið orti er að hjón eigi að koma sér vel saman til þess að farnast vel. Í þessum samanburði sést vel munurinn á þessum tveimur skáldum.

Að lokum er hér eitt af mjög mörgum erfiljóðum sem Helga gerði fyrir fyrir sveitunga sína, ekki kemur fram hver hinn látni hefur verið en ljóðið segir frá þungum raunum:

Hið stranga stríð er unnið
þitt stundaglas útrunnið
og bætt þitt banamein
Guð heilög hjálparhöndin
loks heftir sóttar gröndin
því önnur bót fékkst ekki nein.

Þín sárt vjer sakna hljótum
en sælu þeirrar njótum
er vonin veita má
þín sál í sælu ljóma
svift úr eymdanna dróma
frelsarans auglit fáí sjá.

Að vaka stríða og vinna
og vel að öðrum hlynna
þinn verkahringur var
opt sjálf í missi sastu
en sífelt miðlað gastu
því brjóstið hjálpfúst hjarta bar.

Börn þín og mætur maki
með heitu andartaki
þig kveðja í síðasta sinn
og þakka af öllu hjarta
ást þína og samfylgd bjarta
er frjáls þau nutu faðm við þinn.

Þau biðja að guð þig geymi
og gleði í sælli heimi
er sál þín þráði þyrst
þar aptur sjáist síðar
þá sefast raunir stríðar
í samfélagi við sjálfan Krist.

Þó hörð á hretin dynji
og hryggð und brjóstin stynji
bót er við böli því
Guðs ástar armur blíður
er enn hjá þeim sem líður
og hjálpar ævi hörmum í.

Guð huggi alla alla
er hans nafn á kalla
af hjarta hjer á jörð
oss saman safni aptur
Guðs sonar náðar kraptur
þar einn er hirðir, ein er hjörð.

Oss þykir þungt að skilja
en það er Guðs að vilja
ó; Jesú Jesú minn
í trú gef þolgóð þreyjum
í þínu nafni og segjum
Guð faðir verði vilji þinn.

(Ásta Þorbjörnsdóttir, munnleg
heimild, 27. febrúar 2015)

Í þessu ljóði er Helga á huggunarnótum þegar hún biður Guð um vernd handa þeim sem syrgja og hún biður menn að leita á náðir Hans. Það má segja að ljóðin hennar Helgu hafi verið líkn til þeirra sem sorgarhaminn hylja og í þeim megi finna yl. Þórður Tómasson í Skógum skrifaði grein í Goðastein 1982. Í greininni fjallar hann um gömul handrit og minnir um leið á að varðveisla allra hluta skiptir máli fyrir sagnfræði framtíðarinnar það má segja að þau eigi vel við ljóðin hennar Helgu líka. Honum segist svo um í kafla um „skartbækur“ þegar hann skoðaði handrit Sighvats í Skálakoti og orðar það þannig að flest þeirra séu í hversdagsfötum en svo átti hann tvö handrit í hátíðabúning. Sighvatur hafði vandað vel til skrifta á á þeim, litirnir á upphafstöfunum voru fagrir og skýrir, svartir, grænir og rauðir (Þórður Tómasson, 1982, 20). Ljóðin hennar Helgu eru einmitt vel úr garði gerð. Hvert orð og hver hugsun eins og best verður á kosið. Samanburðurinn er hér mikilvægur vegna þess að um leið og Þórður ber skynbragð á fegurðina í handriti Sighvats berum við skynbragð á fegurðina í kveðskap Helgu. Hversu mikilvægt er það fyrir Íslendinga að eiga slíka listamenn eins og alþýðukonuna hana Helgu og hversu mikilvægt er að varðveita verk hennar sem og annarra fyrir sögu lands og þjóðar? Þórður segir að það sé góðu heilli að handrit Sighvats í Skálakoti hafi varðveist því í þeim leyndust margir dýrgripir. Hann segir að mikilvægt sé að halda til haga arfi feðra og mæðra og í þeim megi lesa um lífið frá degi til dags, frá ári til árs og ennfremur segir hann: „Allt í einu er eins og heil byggð rísi upp úr gröf eða tómi til nýs lífs. Maður sér fyrir sér fólk við dagleg störf heima og heima, á landi og á sjó, fylgjast með örlögum þess, fæðingu og dauða.” (Þórður Tómasson 1982). Hið sama er hægt að lesa í ljóðum Helgu: „Fóstra gaf mér fallegt kerti líka / og dopulprjónað pilsí þó / og pabbi nýja jólaskó.” Spyrja má hvað til dæmis dopulprjón sé, orð sem ekki er notað lengur í nútímamáli, og svo einnig: „Sigga gaf mér sokka bláröndótta / dansaði jeg dável þá / og drósum bauð að líta á.” Aftur vakna spurningar til dæmis hverjar þessar drósir voru og hvort leggja megi sama skilning í það orð og nú til dag og ólíklegt er að það hafi sömu neikvæðu merkinguna. Sama má seja um eftirfarandi ljóð sem Helga hefur efalaust ort með góðum hug og kannski örlar á hyggjusemi þeim til handa sem lesa um þessa mætu konu: „Fróm staðföst frjáls og gætin / fram gekkst í dyggð og trú / heims þér ei létu lætin / lífs þíns var stefna sú / þolgóð að vaka og vinna / verk þinnar köllunar / af hendi hvað eitt inna / til heilla og blessunar.” Þórður fer ennfremur á kostum er hann hripar niður orð um Dagbækur hans Einars á Skála í Goðasteini hann segir, „Lesu má í dagbókum Einars um bændur er gera að bátum sínum, reisa, byrða, bika, snúa færi í seilar, teina, hnýta og svo framvegis, menn fara vondum förum á fjöll, týnast, farast voveifilega í sjó og vötnum. (Þórður Tómasson, 1982, 29). Er vitað að Helga orti um sveitunga sína er fórust á sjó og vötnum.

Ásta man eftir því að Þórður í Skógum kom oft að vitja Helgu og sótti til hennar bæði fróðleik sem og muni sem hafa varðveist. Eftir honum eru höfð þessi orð.

Árið 1973 andaðist háöldruð merkiskona í Rangárþingi Helga Pálsdóttir á Grjótá fædd 1877. Í varðveislu minni eru sýnishorn af nokkrum verkum hennar í ljóðum og hannyrðum. Tóvinna hennar var með slíku snilldarbragði að þar verður vart lengra komist. Hún skrifaði snjöll sendibréf og orti fjölda frambærilegra ljóða, söng og kvað með ágætum fram í háa elli. Hvað lagði þjóðfélagið henni í veganesti? Fáar vikur í barnaskóla, við skilyrði sem vel alin nútímaeska landsins lætur sér ekki til hugar koma og trúir vart, þótt henni sé sagt það. Kennslustofan var kirkjan í Teigi, skólaborðin kirkjubekkirnir og börnin lágu á hnjánum við þá, þegar þau drógu til stafs eða skrifuðu. Síðar var gömul altaristafla með úthöggnum myndum tekin ofan af kirkjulofti lögð á hvolf milli kirkjubekkjanna og höfð fyrir skólaborð. Blekbytturarnar voru geymdar á altarinu og ekki dæmalaust að frysi í þeim. Þegar mest kreppti að með kulda, fékk kennarinn að koma með nemendur sína í inniskemmu í Teigi, ópiljaða og auðvita með moldargólfi. Skemmukisturnar komu þá í stað borða og sæta. Helga á Grjótá átti aldrei neitt af því, sem mölur og ryð fær grandað og var alltaf annarra þjónn. Samt var hún alltaf síðglöð að hitta og gaf alltaf meira en hún þáði. Trúin á handleiðslu guðs var leiðarsteinn hennar í lífinu.

(Þórður Tómasson, munnleg heimild, 27. febrúar 2015)

Sú kennsla sem Þórður talar um var það sem bauðst en eftir stendur sú spurning hvort að konur hafi ekki sóttu sér sína menntun sjálfar og komu því til skila til næstu kynslóða. Spyrja má í kjölfarið hver hin raunverulega menntun þeirra frá barnsaldri til fullorðinsára hafi verið? Helga hlaut ekki langa menntun en hún var samt vel ritfær sem og hagrirt. Það sem liggur eftir hana er ógrynni af ljóðum í ýmsum myndum og saga þjóðarinnar er dýpri við varðveislu slíkra gersemar. Ljóðin sem varðveist hafa eftir hana eru 125 þar af eru 75 erfiljóð og 50 annarskonar ljóð. Ekki er vitað með vissu hvort eitthvað af hennar skáldskap hafi glatast en líklega meggi gera ráð fyrir því þar sem Helga hélt ekki til haga upplýsingum um kveðskap sinn.

7.2 Signý Hjálmarsdóttir (1920-1956)

Signý Hjálmarsdóttir skáldkona fæddist að Húsabakka í Aðaldal þann 18. september 1920. Hún var ein af þrettán systkinum greind og fróðleiksfús stúlka. Hún byrjaði snemma að fást við kveðskap og hafa áhrifin sennilega borist til hennar úr móðurmjólkinni. Móðir hennar var af miklu menningarheimili og má því ætla að Signý hafi hlotið gott veganesti hvað það varðar. Signý gekk í gagnfræðaskóla Siglufjarðar og gekk henni vel að læra. Hún

giftist Baldri Guðmundssyni og eignuðst þau þrjú börn. Signý gaf sig alla að húsmóðursstarfinu en gat þó ekki hamið sig við að yrkja um sín hugðarefni eða eins og segir í formála bókar hennar *Geislabrot* sem kom út árið 1957. „Hugurinn hafði þá smeygt sér úr hafti hversdagsleikans og flogið til fjarlæggra draumalanda“ (Sigríður Pétursdóttir, 1957). Þau hjónin höfðu reist sér hús að Bergi í Sandslandi og hvergi var eins fagurt á að líta. Signý hefur smeygt sér út fyrir túngarðinn eftir eril dagssins og ort: „Og ysinn er þagnaður, húmið er hljótt / um huggandi, þaggandi, velkomna nótt / ó, hvað ég þráði þig, friðarins frá / fangar nú huga minn sælunnar ró.“ (Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 7)

Maður getur vel ímyndað sér hvernig náttúrusýnin veitti henni frið og ró eftir annarsaman dag, skáldagyðjan krafðist þess að hafa næði fyrir sín hugðarefni. Þá segir í formála *Geislabrot*a að þó svo að Signý hafi fengist við að setja saman kvæði og vísur þá kynni enginn tveimur herrum að þjóna. Hér setur sá sem skrifar formálann fram tilgátu um að listsköpun Signýjar hafi borið lægra borð fyrir húsmæðrahlutverkinu. Framhald af ljóðinu sem hér var vitnað til er svona „Ó, líf míns guð, ó, ljúfa, fagra vor / ljá mér kraft og endurnýjað þor. / Gef öllum mönnum fegra sálarsýn, / svo þeir skynji að fullu lífsmögn þín.“ Signý er greinilega að kljást við þessi tvö hlutverk í lífi sínu eins og svo títt er um skáldkonur þessa tíma. Signý hripar ljóðin sín niður í flýti og felur. Kannski til þess að laga seinna (Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 7). Hér á eftir verða ljóð Signýjar greind með hliðsjón af huggunar-, harm eða erfiljóðum og hvernig treginn kemur fram í verkunum og hvort þar sé að finna verk sem ekki falla undir þessar skilgreiningar. Eins og áður kom fram þá komu kvæðin hennar ekki út fyrr en að henni látinni. Þau mynda því ekki listræna heild, þá eru þau tækifærisvísur um ýmislegt sem skáldinu var hugleikið.

Fyrsta ljóðið í bókinni er ljóðið „Siglufjörður“ þar bjó hún á æskuárum við nám og störf og þar hóf hún sinn skáldaferil. Í ljóðinu hvarflar hugur hennar til þess tíma er hún var að alast upp. „Þótt hljótt sé nú orðið um hauður og sjá / og hjarta míns óróa kenni. / Þá kemur hún til mín, hin hvikula þrá, / eg kemst ekki burtu frá henni. /“ (Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 9). Signý saknar æskuslóðanna sárt, hún er greinilega orðin veik og hugurinn leitar til áhyggjuleysi æskunnar. Hún minnst fjallann, lækjanna, útmiðanna, æskufjörsins og vina. „Og þar eru fjöllin svo hátignar há / svo hljómfagurt lækirnir niða. / Og þar eru útmiðin blikandi blá / með bjargráð – og öldurnar kliða. / Þar hef eg lifað og leikið mér dátt / með lífsglöðum vinum á kveldin. / Við trúðum á sjálfra okkar megin og mátt. / Eg man, það var leikið með eldinn.“ Ljóðið er allt fjögur erindi.

Næsta ljóð heitir „Ljóðsins dís“ þar felur Signý hugsun sín á bakvið hina ljúfu dís og biður hana að vernda sig. Ekkert hispursleysi einkennir ljóðið en nærir lesendann með prýðilega vel orðuðum orðum:

Ljóðsins Dís

Þegar veröld minnir mig á ís
og mylur hverja von und' fótum sínum,
þá flý eg til þín, ljóðsins ljúfa dís,
og leita skjóls í hlýjum faðmi þínum.

Og sál mín laugast þyrst í þinni veig,
þú sem skilur allt og fyrirgefur,
og líkt og barn, sem örþreytt út af hneig,
í arma þína hverf- og harmur sefur.

Þá hverfur sorg, og sérhvert liðið böl
um svip og eðli breytir – draums í myndum.
Og gleymd er minnimáttarkenndar kvöl,
-eg krýp að þínum tæru svalalindum.

Í þínu skjóli vildi eg athvarf eiga,
þá ævimótgangasbáran þunga rís,
og þannig vildi eg seinast sofna mega
við svalalindir þínar fagra dís.

(Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 11)

Signý er hér að fela sig skáldagyðjunni á vald, biðlar til hennar um betri veröld og fegurri, hún líkir ljóðinu við dís sem veitir henni svölun frá hversdagslegum „ævimótsgöngubárum.“ Næsta vísa heitir „Óvissa“ og þar veltir Signý vöngum yfir ráðgátu lífsins á heimspekilegan máta. Hún lyftir sér upp fyrir hversdaginn og hugurinn spyr um ráðgátu lífsins, hvað séu örlög og endamörk tilvistarinnar:

Óvissa

Framtíð, þú líkist mest óskrifaðri örk,
ert ævinnar ráðgáta hins spurula huga.
Hvar eru vor örlög og endimörk,
vor átök, - og hver er þar fær um að duga.

Í gær var lífið svo fagurt, himinninn heiður og blár,
mig heilluðu tónar frá vonanna sólvermdu höllum,
sem eimaði af bernskunnar vori, og þaulsæknar þrár,
þyrluðu um hug minn, eg greindi ekki skil á þeim öllum.

Í kvöld stend eg alein og þögul við dimmunnar dyr,
Minn draumur er hljóður, og vonirnar þegja nú allar.
Eg stari á hið óræða, hugurinn spáir og spyr,
spurn minni er svarað með þögninni, og óvissan kallar.

(Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 19)

Í „Stefnumót!“ er Signý er greinilega ástfangin. Treginn leynir sér þó ekki: „Hún gekk inn í lundinn, að björkinni bíðandi, / og beið eftir vini – en morgunn fór líðandi / Hann ætlaði að

koma og kveðja 'ana grátandi / með kossunum heitu og ástin játandi," (Signý Hjálmarsdóttir, 1957, 20). Hér yrkir höfundur um ást í meinum sem aldrei fékk að þroskast og dafna. Þau hittust þó að lokum: „Hann kom, og með gleði hann fól 'ana í faðminum, / þau fagnandi hnigu að grænkandi baðminum. / Hann hvíslaði, tilbað, og sorgin fór sefandi, / í samveru nutu þau – hvort öðru gefandi.“ (Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 20). Sælan var skammvin, þeim var ekki unnt að eigast. Framtíð þeirra var önnur:

Stefnumót

Af brúnunum hentu sér fossarnir fallandi,
fögur var storðin, á drottin sinn kallandi,
vorið í algleymi vermandi jörðina,
er viknaði af gleði við lofdýrðargjörina.

Af kátínu léku sér fuglarnir flissandi
og föðmuðust greinar, en sólgeislinn kyssandi
flæddi yfir landið með lífsyllinn græðandi,
og lindirnar hjöluðu – um bakkana flæðandi.

Hátt yfir landið kom hafrænan andandi,
á höfðinu fjöllin í vötnunum standandi.
Og elfurnar hnigu að útsævi niðandi.
Allt var svo dýrlegt og stundin svo friðandi.

Hún gekk inn í lundinn, að björkinni bíðandi,
og beið eftir vini – en morgunn fór líðandi.
Hann ætlaði að koma og kveðja 'ana grátandi
með kossunum heitu og ástina játandi.

Hann kom, og með gleði hann fól 'ana í faðminum
þau fagnandi hnigu að grænkandi baðminum.
Hann hvíslaði, tilbað, og sorgin fór sefandi,
í samveru nutu þau – hvort öðru gefandi.

Þau skildu, en stöðugt um ævina unandi
auðlegð hins liðna, og hvort annað munandi.
Þau sáust ei frammar, unz sálirnar dreymandi
svifu til himinsins kærleikann geymandi.

(Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 20)

„Römm er sú taug” er mjög falleg ljóð sem fjallar um það að verða eldri og reyndari einstaklingur. Signý leikur sér að því að lyfta orðum upp yfir hversdaginn, býr til myndir sem lýsa tilfinningum og huga hennar eins og „Byltu sér þá brimsins straumar / í barnsins sál – við mararhyl.” (Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 45). Afar skáldleg hugsun hér á ferðinni. Greinilegt er að Signý hefur gott vald á yrkisefninu og ljóðið fangar hugann um leið og það fær mann til þess að líta til baka:

Römm er sú taug

Eg man, að oft eg mændi í bláinn,
meðan barn að aldri var,
dvaldi oft við svalan sjáinn,
mig seiddu villtar öldurnar.

Minningarnar munu orna
mér um kalda aftanstund,
birtast mér um bjarta morgna,
þá brosir röðull yfir grund.

Byltu sér þá brimsins straumar
Í barnsins sál – við mararhyl.
Allir mínir djörfu draumar
döfnuðu þar og urðu til.

Ennþá löngum líður andinn
langt í burt, að unnarhyl.
Ristir hann í sjávarsandinn
sorg og gleði, er á eg til.

En þú hvarfst mér, æska aftur,
árdags leið hin fagra stund
burt er flúinn brimsins kraftur,
barnsins hláturmilda lund.

(Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 45)

Signý yrkir til æskunnar, minnst hennar um leið og hún saknar hennar sárt og hún veltur sér upp úr tilgangi tilverunnar. Eitt ljóð í bókinni heitir „Hvað”. „Eitthvað, sem niðar, niðar, / niðar í huga mér. / að varnar mér værðar og friðar / eg veit ekki, hvað það er. / það líkist fossanna flaumi / freyðandi, strumpungri á; / “eða þá „æskunnar draumi, / sem enginn veit ráðningu á.” (Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 53). Í ljóði sínu Vorkvöld 17. júní yrkir hún mjög listrænt ljóð um sama efni. Ljóðið er allt í senn óður til landsins og hugleiðingar hennar um mannlegar hliðar tilverunnar:

Vorkvöld 17. Júní

Mitt land er svo fagurt í kvöldroðans kyrrð,
er kvaka söngfuglar aleinir ljóð.

Sú lund er þó kaldsinnuð, klökug og stirð,
sem kemst egi til að hlusta á þann óð.

Nú finnst mér, að allt í fljófærni og heimsku.

Og björtustu minningar berast því hljótt.

Já, bernskan leið fögur við bænir og leik

og bárunnar síunga nið!

Það gægist fram hugsun of grunnfær og veik

að greina hin margþættu svið

og reyna að skilja það skapanna undur,

hví skiptist svo jarðlíf - í áfanga sundur.

Eg stundum leit færunnar broshýru brár

og beiskustu mannaunir – ólífissár.

Og síðar meir opnuðust augu mín brátt

við ýmsu, sem miður var gott

eg skynjaði, að margt, sem hreykir sér hátt,

ber hræsninnar tvöfeldni vott.

Eg lærði það enn, að ákafur hlátur,

sem að okkur berst, er stundum grátur.

Eg sá það, að margoft í brosum er brigð

og brennandi kossunum eiðrofin tryggð.

Svo guggna fór trúin, að Guð væri til,

fyrst gerðist svo margt, sem var ljótt.

Eg kunni ekki á gerðum hans greislega skil,

af geðríki dæmði of fljótt.

En seinna eg fann, það er hann, sem hefur

allt huggað og læknað og unaðinn gefur.

Það er hann, sem grætur vor mannlegu mein

og misklíð og sundrung á hverja grein.

En þrátt fyrir allt, sem yfir mér sást
og alls konar tilgangslaust þrjá,
þá var það eitt, sem aldrei brást
og ornaði barnsins sál.
Það var trúin á land mitt og vökulan vilja,
að vel mætti þjóðin hlutverk sitt skilja
og vinna að frelsi og framtíðar þörf,
og framvegis leysa hin margþættu störf.

Ó, stórbrotna þjóð sem varst alin við ís,
við ánauð og harðrétti á borð.
Nú sé eg, hvar Árdís í austrinu rís.
Ég elska þig - sólvermda storð –
og útsæinn mikla, sem alltaf þig vefur
í öldunnnar faðmi og bjargræði gefur.
Sú vitneskja ávallt í vitund er brennd:
Hún er viðkvæm en sterk, mín þjóðerniskennd.

(Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 53)

Hér fer Signý á kostum í lýsingum sínum á mannlegum brestum sem hennar ungi hugur lærir smá saman að meðtaka eftir því sem hann þroskast. Ljóðlínurnar setur hún fimlega fram þannig að lesandanum bregður ekkert í brún en skynjar undir niðri að Signý er að fjalla um raunir þær sem mannfólkið lendir í. Ekkert er sett hranalega fram heldur einkennist frásögnin af stakri þrúðmennsku og varfærni í orðum. Slíkt er ekki á færi nema þeirra sem hafa numið af harðasta berginu eða alltént fundið til með þeim sem minna mega sín. „Og síðar meir opnuðust augu mín brátt / við ýmsu, sem miður var gott.“ Signý er á trúarlegum nótum er hún yrkir til Hans og finnur bæði til vanmáttugar og styrkist í trúnni: „Svo guggna fór trúin, að Guð væri til, / fyrst gerðist svo margt, sem var ljótt. /...“ „En seinna eg fann, það er hann, sem hefur/allt huggað og læknað og unaðinn gefur.“ (Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls. 53). Hún er mjög langt frá því að yrkja eins og 18. aldar konurnar gerður. Afdráttarleysi einkennir ekki textann hennar, hún fer vel með yrkisefnið sem þó fjallar um erfiða hluti eins og hún segir á einum stað í ljóðinu: „Eg skynjaði, að margt, sem hreykir sér hátt, / ber hræsinnar tvöfeldni vott.“ (Signý Hjálmarsdóttir 1957, bls. 53). Ljósavatnssystur voru ekkert að fela um hverja þær voru að yrkja: „Tómas á Rauðá trúí eg sé / í túlanum mesti fullhugi.“ (Guðrún P. Helgadóttir, 1961, bls. 105). Signý nefnir aldrei neinn á nafn í ljóðinu sínu. Næsta ljóð er allt annars eðlis. Þar er hún að yrkja til þess sem er að kveðja lífið sennilega eftir löng veikindi:

Við andlátsfregn

Á enda þá gatan er gengin,
gott er að vita þess til,
í gröf er oss friður fenginn
— það fögnuð vekur og yl —

Allt það, sem heiminum huldist,
er hjartað í stórviðrum kól,
allt það, sem deginum duldist,
er dró fyrir hamingjusól.

Að baki brimsollnu höfin
með bylgjunnar hringiðu-straum,
en gjöfulust alls er gröfin,
hún geymir vorn upprisudraum.

Og leyndarmál ljúfust hún geymir,
sem lífið oss dýrmætust bjó.
Hvern fánýtan draum, sem oss dreymir,
hún dylur í friðhelgri ró.

Svo geymir hún brek vor og brotin
og beiskju og fjölgrátin tár.
er ævinnar þáttur var þrotinn,
hvarf þyrnirinn stingandi sár.

(Signý Hjálmarsdóttir, 1957, bls.
56)

Í þessu kvæði yrkir Signý um látinn vin eða ættingja, ekki er hægt að flokka þetta ljóð sem erfiljóð, þau eru almenn og fjalla oft um tilvist mannsins hér á jörð en erfiljóð eru þriðju persónu frásögn, þá fjallar skáldið um ævi hins látna og telur upp dyggðir hans gagnvart samfélaginu. Ljóðið getur ekki flokkast sem huggunarljóð því þau eru í fyrstu persónu frásögn. Minningarljóð er það augljóslega en þó getum við aldrei vitað um hvern verið er að minnast.

Signý er að mínu mati snjallt skáld sem fór aldrei fram á að fá ljóð sín birt í lifandi lífi. Sannarlega hefði hún átt að skipa sess í „Skólaljóðunum“ svo margt hafa ljóðin hennar fram að færa.

Næsta skáldkona Þóra frá Kirkjubæ kaus ekki heldur að birta ljóðin sín fyrir almenningi en orti perlur sem gleymast seint.

7.3 Þóra Jónsdóttir frá Kirkjubæ (1895-1966)

Þóra Aðalbjörg Jónsdóttir var fædd í Húnavatnssýslu þann 23. ágúst 1895 að Kirkjubæ í Norðurárdal. Hún lést árið 1966 í bílslysi í Reykjavíki ásamt manni sínum. Knútur Þorsteinsson ritar formála í ljóðabók hennar *Ljóð Þóru frá Kirkjubæ* í henni eru fimmtíu og fimm ljóð og kvæði (Knútur Þorsteinsson, 1972, bls. 7). Foreldrar hennar voru báðir ættaðir úr Skagafirði, Halldóra móðir hennar frá Bólu en faðir hennar, Einar frá Bólu var kunnur fyrir vísur sínar. Þóra er því að skagfirskum skáldaættum komin. Hún lauk námi við kvennaskólann á Blönduósi og giftist Jóhanni Frímanni Guðmundssyni kaupmanni bæði velgefnum og skáldmæltum. Þau hjónin héldu því skáldskapnum hátt á lofti á

heimili sínu alla tíð. Þau bjuggu um hríð á Siglufirði en fluttust til Seyðisfjarðar í nokkur ár en þaðan fluttu þau til Reykjavíkur. Snemma kom í ljós skáldagáfa Þóru en þegar hún hóf að halda heimili og eignast börn þá viku til hliðar skáldadraumar hennar. Þau eignuðust þrjú börn, tvíburasysturnar Álhildi Helenu, er dó í bernsku og Brynhildir Hjördísi sem varð síðar eiginkona Alberts Guðmundssonar knattspyrnurmans og heildsala, og svo soninn Álfþór Brynjar.

Slá má föstu að það hafi verið mikill harmur að missa dóttir sína og að það hafi sett mark sitt á Þóru. Hún fékkst þó við ljóðagerð á milli annasamra verka sjálfri sér til hugarhægðar. Hún hafði allgóð tök á bæði hugsun og formi því ljóð hennar voru bæði vel úr garði gerð og falleg. Þóru kom aldrei til hugar að gefa út ljóð sín hún á meðan hún lifði.

Álfhildur Helena

Hinsta kveðja

Daprir eru draumar
og drjúpa sorgartár.
Frá hörpu seiðum hljóma,
er hjartans mýki sár.
Ómar andvörp beri
yfir dauðans höf.
Ljóssins trú oss lýsi
lífsins vöggugjöf.

Það nísti þeyr svo napur
og nætur húmið svalt.
Ömulegt er inni,
en úti dimmt og kalt.
Við syrgjum ást og unað,
sem okkur féll í skaut.
Þessi litla lilja
var ljós á okkar braut.

Vakið vonardísir,
vekið nýjan þrótt.
Gefið anda útsýn
yfir dauðans nótt.
Úr djúpi lyftir landi,
þar ljósið aldrei þver,
að litlu blómi leitum,
sem liðið þangað er.

Hver minning ljóshlý lifir,
leiftri á húmið slær,
Um vanga ljúfur líður
lófi hjartakær.
Við heyrum léttan hlátur
og hljóm af þýðum róm.
Við teljum ótal atvik
okkar helgidóm.

(Þóra Jónsdóttir, 1972, bls. 96)

Harmaljóð Þóru um ástkæra dóttur sína sem féll frá í frumbernsku er hugljúf: „Við syrgjum, við heyrum, við teljum, okkar helgidóm,“. Þórunn Sigurðardóttir segir að í harmljóðum megi greina fyrstu persónu eins og áður sagði, missinn, söknuðinn og þá sé

vísað í *guð* og almættið. „Í sárum“ fjallar um þann sára missi sem heltekur hug og hjarta hvers manns við fráfall barns:

Í sárum

Dagar lengjast dvína skuggar,
dreymir allt um vor.
Kulda enn og kvöl þó vekja
klökug vetrarspor.
Sveipar sól í heiði
sorgar huldulín.
Undir frosnu liggur leiði
liljan hvíta mín.

Þegar ljósið loga-skæra
leiðir vorið inn,
beri þangað blærinn þýði
blómailminn sinn.
Gegnum hlýja hljóma
hörpu vorsins frá,
megi úr fjarlægð mjúksár óma
mömmu hjartans þrá.

(Þóra Jónsdóttir, 1972, bls. 99)

Það eins með þetta ljóð, ort um sorgarinnar hörpuslátt en höfundur er víðsfjarri fyrir utan „liljan hvíta mín“ og „mömmu hjartans þrá“. Ljóðið er ekki erfiljóð, huggunarljóð eða harmljóð samkvæmt skilgreiningu Þórunnar. Annað ljóð um sáran söknuð eftir Þóru er ljóðið „Við gröf foreldra minna.“

Við gröf foreldra minna

Ég höfði drúpi hjá dufti því,
Sem dylur þessi gröf,
Meðan blik af bernskutrú
brúar dauðans höf.
Sú trú, að látinn lifi,
ber ljós í grafarhúm.
Hljóður andi öðlast sýn
yfir tíma og rúm.

Minna vöggju og vegaljós
varst þú, faðir kær.
Þín minning æ um muna fer
sem mildur líði blær.
Hve var þín hyggja dul og djúp,
af dýrum málmgi gjör.
Hve hlýr var andans heimur þinn
og hljótt um þína för.

(Þóra Jónsdóttir, 1972, bls. 93)

Þóra leitar hér leiða til þess að vinna úr sorg sinni, en hún þarfnast útrásar og hinum syrgjandi er í mun að koma frá sér tilfinningum sínum. Svipað viðfangsefni má finna í ljóðinu „Drengur dáinn á jólakvöld“ Næsta ljóð fjallar um lítinn drengi sem fellur frá á jólakvöld en það fjallar um þá djúpstæðu sorg að missa barnið sitt. Þóra veitir í raun líkn með kveðskap sínum. Þeir sem upplifa slíka sorg þurfa á samhyggju að halda. Moller segir að konur upplifa sorg sem tilfinningu sem þær tjá með tárur og þær vilja tala um sína sorg við aðar.

Drengur dáinn á jólakvöld

Klukkur hringdu inn hátíð jarðarbarna,
í heiði bláu vakti jólastjarna.

Hringdu inn helgi og friðinn,
sá hljómur sagði liðinn
ljúfling þann, er lýsti óskasviðin.

Hljóða sali sorgin vígða hefur,
sá hér tók, er dýrstu hnossin gefur.

Eftir unað genginn
innsta hrærir strenginn
minningin um ljúfa, látna drenginn.

Í tregans húmi tendrast bænaljósín,
þó tárur laugist fölnuð kærast rósin.

Gegnum undra óma
engla raddir hljóma:
Nú á hann jól í drottins dýrðar-ljóma.

(Þóra Jónsdóttir, 1972, bls. 25)

Þetta er huggunarkvæði en þá er skáldið að sýna hluttekningu í harmi þess sem hefur misst og dæmi úr Biblíunni er að finna eins og „Nú á hann jól í drottins dýrðar-ljóma.“ Eins og Þórunn hefur bent þá eru harmaljóð bæði leikræn og sjálfmiðuð. Nafn þess látna kemur þá ekki fyrir í kvæðinu en getur staðið sem fyrirsögn. Þessi tegund af ljóðum er til þess fallin að hver sem er getur sett sig í spor þess sem misst hefur. Huggunarkvæði eru ort til vinar, sá sem yrkir sýnir hluttekningu í harmi þess sem hefur misst. Þá koma vinarorð oft fyrir í kvæðinu og dæmisögur úr Biblíunni til huggunar.

8 Niðurstöður

Það kveður við annan tón í kveðskap kvenna á níttjándu og tuttugustu öldinni, það sem mér finnst áberandi er að þetta afdráttarleysi er ekki lengur tónninn í ljóðunum sem einkennt höfðu verk Siggu skáldu, Ljósavatnssystur og Rósu Guðmundsdóttur og segja má að hæðni, uppreisn og samfélagsleg ádeild hafi vikið fyrir tilraunum til þess að sætta sig við hlutskipti sitt. Þá hefur trúin á Guð og Nýja testamentið náð að beina konum á aðrar brautir ef svo má að orði koma, þegar kveðskapur var annars vegar. Þegar ljóðin þeirra Helgu, Signýju og Þóru eru lesin kemur annar blær í ljós. Ljóðin eru oft trúarleg og oft hógvær. Þær eru auðmjúkar og fara fallegum orðum um atburði sem hafa snert þær tilfinningalega. Þá birtist líka baráttuandi í þeim eins og í ljóðum Ingibjargar en þar yrkir hún fyrir auknum réttindindum kvenna.

Þetta ferðalag í gegnum ljóðabækur þeirra Helgu, Signýju og Þóru hefur opnað augun mín fyrir merkilegum skáldskap sem ég tel að ætti heima í hverri kennslustofu. Listrænn heildarsvipur er kannski ekki í forgrunni á verkum þeirra enda ætluðust þær ekki til þess að þessi ljóð þeirra kæmu fyrir almenningssjónir. Þær ólust upp við það að bera sorg sína ekki á torg og það gerðu þær ekki. Þær gátu sest niður í lok dagsins og hripað niður á blað hugðarefni sín. Þessar konur voru ekki að trana sér fram, en fylgdust með á hliðarlínunni ef svo mætti að orði komast. Þær höfðu heilmikið til málanna að leggja um það samfélag sem þær bjuggu við en það var ekki þeirra að opinbera og þær höfðu ekki aðgang að útgáfufyrirtækjum í sama mæli og menntaðir karlmen af þeirra kynslóð. Þeirra staður var fremur við hlóðir, potta og pönnur og önnur mannanna verk sem þarf að inna af hendi og það má ekki misskilja það, það voru líka göfug störf og eru enn.

Listamenn leita alltaf leiða til þess að koma hugðarefnum sínum frá sér, konurnar áttu og þær misstu og ljóðin þeirra endurspeglu það. Þær tengdu listina við hina þunglyndu stöðu, eins og missi, sekt og þörfina fyrir því að endurtaka tilfinningasáran veruleika, eins og sá sem syrgir reynir að bæta fyrir þungar tilfinningar sem hann jafnvel kennir sér um. Bókmenntatextinn lýsir þá persónulegri reynslu listamannsins. Það má kannski segja að textinn þeirra sé vélrænn og hann skorti tilfinningar, en þá á þeim nótum að þær vilji frekar sanna fagmannleika sinn heldur en týna sér í þann tilfinningahita eldri skáldkynslóðarinnar, sem fyrr var minnst. Kannski er það ástæðan fyrir því að þær voru ekki með í *Skólaljóðunum*, textinn þótti of vélrænn. Það er samt svo að ekki var mikið vitað um kveðskap kvenna um aldamótin 1900 og þess vegna eru þær ekki með í ljóðunum en viðtökur á kvæðunum voru heldur ekki góðar, karlar gagnrýndu þær harkalega og töldu jafnvel að þær hefðu ekki átta að ráðast í að yrkja. Viðhorfið var þannig til skáldkvenna á þessum tíma að ekki væri hægt að

þjóna tveimur herrum. Annaðhvort gerirðu það vel sem þú ert að gera eða sleppir því. Í tilvikum kvennanna þriggja sem fjallað hefur verið um áttu þær ekki að geta sinnt kveðskap á meðan þær sáu um heimilin. Því var þetta mikil barátta og innri togstreita hjá kvenskáldum að takast á við viðtekin viðhorf almennings á meðan hugur þeirra lá í hærri hæðum.

Bókmenntaarfurinn tekur ekki mið af skáldskap kvenna og það hlýtur að vera hlutverk nýrra kynslóðar bókmenntafræðinga að bæta úr því eftir því sem mögulegt er, til dæmis með endurskoðaðri útgáfu „Skólaljóðanna“, þar sem hlutur kvenna er bættur, svo komandi kynslóðir fái skýrari mynd af því hvað var hugsað og ort á liðnum öldum.

Kvenskáldin voru ekki talin með. Það er staðreynd, en hvers vegna? „Hún skrifaði þetta, en hefði hún átt að gera það?“ Eru orð sem notuð voru um kveðskap kvenna eins og Joanne Russ kemst að orði þegar hún fer yfir viðtökur á verkum kvenkynsrithöfunda í bókinni „How to Suppress Women’s Writing“. Russ fjallar um það hvernig endurmat á list minnihlutahópa hefur leitt til þess að hefðarveldi bókmenntanna hefur verið kollvarpað. Sérstaklega nefnir hún konur í þessu sambandi, horft hefur verið framhjá reynslu þeirra um aldri og hún vanmetin. Skýringuna segir hún vera að þegar konur færa sig um set í þjóðfélaginu ógni þær stöðu karlmannna og afhjúpi varnarleysi, veikleika og hjálparleysi þeirra.

Hefur það verið vandi bókmenntafræðinnar að skilgreina og flokka kveðskap eftir konur? Skilgreiningar á kveðskap getur stundum verið óljós og þá skiptir máli að huglægur smekkur manna er misjafn, það sem einum finnst gott, gæti öðrum fundist á engan hátt áhugavert. En á það við í þessu sambandi? Öngvegisrit bókmenntanna eiga að spegla það samfélag sem þau sprottin upp úr ef þau gera það ekki er myndin skökk. Niðurstaðan í yfirferð þessari er því að þessar konur ortu ljóð eins og nýrómantísk skáldin gerðu en voru bundnar við skyldustörfin ef svo má að orði komast.

9 Heimildaskrá

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. (2010). Af betri konum og bóndadætrum. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, (bls. 1-7). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Dagný Kristjánsdóttir. (1996). *Kona verður til*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Dagný Kristjánsdóttir. (2011). Skólaljóð. *Ritið*, 11(2), 131-148.
- Driscoll, M. J. (1990). Þögnin mikla. Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum. *Skáldskaparmál 1*, 157-168.
- Driscoll, M. J. (1997). *The Unwashed Children of Eve. The Production, Dissemination and Reception of Popular Literature in Post-Reformation Iceland*. Enfield Lock: Hisarlik Press.
- Ekki lengur á bak við eldavelína. (2005, 31. maí). *Vísir.is*, sótt af <http://www.visir.is/ekki-lengur-a-bak-vid-eldavelina/article/2005505310411>.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. (2013). Kvinnabréfin á Hallfreðarstöðum, Hagnýting skriftarkunnáttu 1817-1829. *Saga 51(2)*, 57-91.
- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun, hugleiðingar og tillögur*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1903).
- Guðni Elísson. (1987). Líf er að vaka en ekki að dreyma: Hulda og hin nýrómantíska skáldímynd. *Skírnir 161(vor)*, 59-87. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðný Hallgrímsdóttir. (2013). *Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttir. Einsögurannsókn af 18. aldar vinnukonu*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún Ingólfssdóttir. (2011). *Í hverri bók er mannsandi*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

- Guðrún P. Helgadóttir. (1961). *Skáldkonur fyrri alda*. Akureyri: Kvöldvökuútgáfan.
- Helga Kress. (2001). *Stúlka*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Helga Kress. (2009). Gegnum orðahjúpin: Líf og ljóð Guðnýjar Jónsdóttir frá Klömbrum. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 28, 37-57. Sótt af [https://www.academia.edu/11641590/Gegnum_or %C3%B0ahj% C3%BApinn_L%C3%ADf_og_lj% C3%B3%C3%B0_ Gu%C3%B0n%C3%BDjar_J%C3%B3nsd%C3%B3ttur_fr%C3%A1_Kl%C3%B6mbrum](https://www.academia.edu/11641590/Gegnum_or%C3%B0ahj%C3%BApinn_L%C3%ADf_og_lj%C3%B3%C3%B0_Gu%C3%B0n%C3%BDjar_J%C3%B3nsd%C3%B3ttur_fr%C3%A1_Kl%C3%B6mbrum).
- Hrafnhildur Schram. (2005). *Huldukonur í íslenskri myndlist*. Reykjavík: Mál og menning.
- Ingibjörg Benediktsdóttir. (1938). *Frá afdal til Aðalstrætis*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan H.F.
- Jakob Benediktsson (ritstj.). (2008). *Hugtök og heiti í Bókmenntafræði*. Reykjavík: Mál og menning.
- Knútur Þorsteinsson. (1972). Formáli. Í Þóra Jónsdóttir, *Ljóð Þóru frá Kirkjubæ* (bls. 7-9). Reykjavík: Fróði.
- Kristín Ástgeirsdóttir. (2007, 27. janúar). Hirðskáld kvennahreyfingarinnar. *Mbl.is*, sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1126424/>.
- Kristján Árnason. (2009). Inngangur. Í Publius Ovidius Naso, *Ummyndanir* (bls. 7-28). Reykjavík: Mál og menning.
- Kristján J. Gunnarsson. (1964). *Skólaljóð*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.
- Russ, J. (2005). *How to Suppress Women's Writing*. Texas: University of Texas Press.
- Sacks, P. M. (1985). *The English Elegy*. London: The Johns Hopkins University Press.
- Signý Hjálmarsdóttir. (1957). *Geislabrot*. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar.
- Sigríður Pétursdóttir. (1957). Formáli. Í Signý Hjálmarsdóttir, *Geislabrot* (bls. 5-8). Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar.
- Spurr, B. (2006). *Studying poetry* (2. útgáfa). New York: Palgrave Macmillian.
- Sveinn Yngvi Egilsson. (2011). *Textar og túlkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

The Traditional Ballads of Iceland. (e.d.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Sótt af http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_rit%20arnastofnunar_22.

Vésteinn Ólason. (1979). *Sagnadansar*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði og Menningarsjóður.

Weisman, K. (2010). *The Oxford Handbook of the Elegy*. New York: Oxford University Press.

Þorsteinn Þorsteinsson. (2015). Um bókmenntakenningar og ljóðalestur. *Tímarit Máls og menningar* 76(1), 46-53.

Þóra Jónsdóttir. (1972). *Ljóð Þóru frá Kirkjubæ*. Reykjavík: Fróði.

Þórður Tómasson. (1982). Byggðasafnsþáttur. *Goðasteinn* 21, 3-35.

Þórunn Sigurðardóttir. (2014). *Heiður og huggun*. Reykjavík: Háskólaprent.